




SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

2011/12





Velkomin á tónleika
Sinfóníuhljómsveitar
Íslands í Hörpu!







2011

	Ávarp framkvæmdastjóra	4
	Ávarp aðalhljómsveitarstjóra	6
	Menningarauki í miðri Reykjavík	8
	Regnbogakort / Áskriftarkort	16
■	Upphafstónleikar	08.09. 20
■	Rússnesk veisla	15.09. 21
■	Töfrasprotinn	22.09. 22
■	Melkorka og Mahler	29.09. 23
■	Námskeið fyrir hljómsveitarstjóra	30.09. 24
■	Norrænir músíkdagar	06.10. 25
■	Airwaves	13.10. 26
■	Sinfónían í Hofi	27.10. 28
■	Pláneturnar	03./04.11. 30
■	Ungsveit Sinfóniunnar	06.11. 32
■	Áskell og Mahler	10.11. 33
■	Í fjarlægum heimi	24.11. 34
■	Hljómsveitin kynnir sig	26.11. 35
■	Aðventutónleikar	02.12. 36
■	Beethoven-hringurinn I	07.12. 38
■	Beethoven-hringurinn II	09.12. 39
■	Jólatónleikar	16./17.12. 40
■	Vínartónleikar	05./06./07.01. 44
■	Ungir einleikarar	12.01. 45
■	James Bond-veisla	19./20.01. 46
■	Myrkir músíkdagar	26.01. 47
■	Tónskáldastofa	27.01. 48
■	Osmo stjórnar Mahler	02.02. 49
■	Hilary snýr aftur	09.02. 50
■	Hringadróttinssinfónían	16./17.02. 51
■	Eftirlætis barokk	23.02. 52
■	Nútímahátíð	01./02./03.03. 53
■	Mozart-veisla	15.03. 54
■	Uppáhalds Mozart	30.03. 56
■	Úti í náttúrunni	28.04. 57
■	Sigrún spilar Sjostakovitsj	10.05. 58
■	Maxímús Músíkús bjargar ballettinum	19.05. 59
■	Rómeó og Júlía	25.05. 60
■	Beethoven-hringurinn III	01.06. 62
■	Beethoven-hringurinn IV	07.06. 63
■	Mozart og Schäfer	14.06. 64
	Tónleikaraðir	68
	Miðaverð og almennar upplýsingar	74
	Fastráðnir hljóðfæraleikarar og starfsmenn SÍ	84

2012



Ávarp framkvæmdastjóra Sigurður Nordal



Það eru merkir tímar hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands, sem nú hefur sitt fyrsta starfsár í hinu stórkostlega nýja tónlistarhúsi, Hörpu. Fram undan er fjölbreytt og forvitnileg dagskrá þar sem fjöldi framúrskarandi hljómsveitarstjóra og einleikara mun koma fram með hljóm-sveitinni. Allir ættu að finna tónleika við sitt hæfi og það er ástæða til þess að hvetja sem flesta landsmenn til þess að heyra og sjá Sinfóníuhljómsveit Íslands leika í hinum stórbrotna Eldborgarsal Hörpu.

Þetta starfsár er einnig sögulegt fyrir þær sakir að nýr aðalhljómsveitarstjóri og listrænn stjórnandi tekur við tónsprotanum. Íslenskir tónleikagestir þekkja vel til Ilans Volkov, en hann stjórnaði meðal annars eftirminnilegum upphafstónleikum á síðasta starfsári. Volkov mun fá það hlutverk að móta starf Sinfóníuhljómsveitar Íslands í nýju tónlistarhúsi. Það er mikill fengur að fá Ilan Volkov til starfa, enda einn áhugaverðasti og eftirsóttasti hljómsveitarstjóri sinnar kynslóðar.

Efnisskrá starfsársins ber merki þessara miklu tímamóta og einkennist af stórum og tignarlegum verkum. Í boði eru mörg af helstu meistaraverkum tónlistarsögunnar, en jafnframt mikið af nýrri og spennandi tónlist. Meðal nýmæla er flutningur á öllum níu sífóníum Beethovens á einu starfsári undir stjórn Hannu Lintu. Fjórar Mahler-sífóníur verða á efnisskrá í vetur, þar af ein í flutningi Ungsveitar Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Af öðrum stórum hljómsveitarverkum á starfsárinu má nefna Pláneturnar eftir Holst og Rómeó og Júlíu eftir Berlioz, sem flutt verður í fyrsta sinn á Íslandi á Listahátíð 2012.

Ný og framsækin tónlist skipar veglegan sess, meðal annars á Airwaves, Norrænum músíkdögum og á nýrri alþjóðlegri tónlistarhátíð undir stjórn Ilans Volkov. Kvikmyndatónlist Howard Shore úr Hringadróttinssögu mun hljóma í vetur, auk tónlistar úr James Bond-myndum. Og ekki má gleyma fjölbreyttri dagskrá fyrir börn og fjölskyldur þeirra í allan vetur.

Auk reglubundinna tónleika heldur Sinfóníuhljómsveitin út viðamiklu fræðslustarfi, meðal annars með skólatónleikum fyrir börn frá leikskólaaldri til ungs fólks í menntaskólum og með fyrirlestrum fyrir tónleikagesti á undan tónleikum. Fyrir tónlistarmenn framtíðarinnar starfar Ungsveitin á vegum hljómsveitarinnar auk þess sem ungir einleikarar keppa árlega um að koma fram með Sinfóníuhljómsveitinni.

Hér hafa einungis verið tínd til fáein brot úr viðamikilli efnisskrá sem gerð eru ítarleg skil í þessum bæklingi. Sinfóníuhljómsveit Íslands er þjóðardjásn sem landsmenn fá nú loksins notið til fulls. Í nýjum tónleikasal er sem kistunni hafi verið lokið upp og við blasir tindrandi fjársjóður í tónum. Nú er rétti tíminn til þess að tryggja sér sæti og njóta.

Góða skemmtun.



Ávarp aðalhljómsveitarstjóra Ilan Volkov

Sinfóníuhljómsveit er draumasamfélag, eins konar útópía. Þegar vel tekst til er útkoman óviðjafnanleg upplifun, bæði félagslega og músíkalskt. Enn þann dag í dag getur sú hljómræna fegurð sem sinfóníuhljómsveit býr yfir komið mér í opna skjöldu, hrifið mig með sér upp á æðra svið tilfinninga og upplifunar. Það sama má segja um félagslegu böndin sem tengja saman meðlimi hljómsveitarinnar; þau eru forsenda þess að hægt sé að skapa góða tónlist. Með opinn huga, traust og vináttu að leiðarljósi geta meðlimir hljómsveitarinnar stillt saman ólíkar raddir og skapað eitthvað alveg einstakt, listræna upplifun sem aldrei verður metin til fjár.

Ég get varla beðið eftir því að hefja Íslands-ævintýri mitt. Með hinu ótrúlega nýja tónlistarhúsi, Hörpu, getur hin stórkostlega Sinfóníuhljómsveit Íslands náð nýjum hæðum í starfi sínu. Hún hefur ávallt verið flaggskip í íslensku menningarlífi en nú er hægt að setja markið enn hærra, bæði hvað varðar listrænar kröfur og tengsl við áheyrendur.

Á þessu fyrsta starfsári mínu með hljómsveitinni mun ég meðal annars stjórna þremur stórum sinfóníum: Ófullgerðu sinfóníunni eftir Schubert, fjórðu sinfóníu Brahms og sjöundu sinfóníu Mahlers, í bland við sígild verk frá 20. öld eftir Berg, Dutilleux og Takemitsu. Flutningurinn á Rómeó og Júlíu eftir Berlioz verður sömuleiðis einn af hápunktum ársins hvað mig varðar. Sama má segja um samstarf mitt við íslenska tónlistarmenn. Sæunn Þorsteinsdóttir, Melkorka Ólafsdóttir og Sveinn Dúa Hjörleifsson eru meðal þeirra sem munu leika og syngja með hljómsveitinni fyrstu mánuði mína í starfinu, og ég mun frumflytja ný verk eftir Önnu Þorvaldsdóttur, Huga Guðmundsson og fleiri íslensk tónskáld.


Aðrir stjórnendur og listamenn munu einnig setja svip sinn á starfsárið. Enginn þarf að velkjast í vafa um mikilvægi Beethovens í hljómsveitarmenningu heimsins. Sinfóníur hans eru mælikvarði á listræna getu hvernar sinfóníuhljómsveitar, og gleðiefni að Hannu

Lintu muni stjórna þeim öllum hér á landi í vetur. Listamenn á borð við Hilary Hahn, Christine Schäfer, Denis Matsuev og Miuh Persson eru aufúsugestir í tónleikahúsum um allan heim og mikið gleðiefni að þau skuli vera væntanleg til Íslands.

Tónlistarhátíðin sem ég mun stýra í mars 2012 verður árlegur viðburður meðan ég starfa á Íslandi. Við erum sannfærð um að hún verði spennandi og fersk viðbót við tónleikaflórana í Reykjavík. Á þremur dögum mun hljóma ný tónlist af ýmsum toga: klassísk, spuni, raftónlist, hljóðinnsetningar o.s.frv. Sérstök áhersla verður á samstarf við íslenskt tónlistarfólk og listamenn úr öðrum geirum tónlistarinnar. Einn dagur verður helgaður John Cage á aldarafmæli hans og Magnús Blöndal Jóhannsson verður sömuleiðis í forgrunni á dagskránni, enda eru verk hans afar merkileg, einnig í alþjóðlegu samhengi.

Ég hlakka til að sjá ykkur öll í Hörpu í vetur!

Menningarauki í miðri Reykjavík







ELDBORG

Stóri salurinn í Hörpu er einstakur á Íslandi og þótt víðar væri leitað. Hljómburðurinn er með því allra besta sem þekkest, og hægt er að breyta ómtíma salarins með því að hækka eða lækka hljómskjöld fyrir ofan sviðið, opna eða loka svokölluðum ómrýmum og setja niður borða sem draga í sig hljóð. Þeir tónlistarmenn sem þegar hafa komið fram í Eldborg hrósa hljómburðinum í hástert og verður spennandi að fylgjast með Sinfóníuhljómsveitinni þróast nú þegar hún er komin í nýtt tónlistarhús.

Meðal þeirra breytinga sem salurinn býður upp á frá því sem áður hefur tíðkast á Íslandi er meiri sveigjanleiki í verðlagningu sæta. Hægt er að velja um sæti á fjórum verðsvæðum í salnum og því ætti enginn að þurfa að láta miðaverð aftra sér frá því að njóta tónleika með Sinfóníuhljómsveit Íslands.



SKÓLATÓNLEIKAR ERU FASTUR LIÐUR

Sinfóníuhljómsveit Íslands heldur uppi metnaðarfullu tónleikahaldi fyrir yngri kynslóðina.

Á hverju ári eru haldnir fjölmargir skólatónleikar fyrir nemendur, allt frá leikskólaaldri upp í menntaskólanema, þar sem gullmolar klassískrar tónlistar eru kynntir í tali og tónum. Á síðasta ári heimsóttu um 10.000 nemendur hljómsveitina og nú hlakkar Sinfónían til að bjóða þeim í nýju heimkynni sínu, Hörpu. Skólatónleikarnir hafa alltaf vakið mikla lukku bæði hjá nemendum og tónlistarmönnum enda er afar ánægjulegt að geta sinnt ungum og upprennandi tónlistarunnendum með þessum hætti.



NÚTÍMAHÁTÍÐ Í MARS

Nýr aðalstjórnandi Sinfóníunnar, Ilan Volkov, er mikill áhugamaður um nýja tónlist og hefur hlotið mikið lof fyrir störf sín á þeim vettvangi. Hann mun stýra nýrri árlegri tónlistarhátíð í Reykjavík sem verður helguð nýrri tónlist, jafnt íslenskri sem erlendri, í samstarfi við tónlistarmenn úr ýmsum áttum. Á hátíðinni 1.-3. mars beinist athyglin einkum að tveimur forvígismönnum móðernismans á síðustu öld: John Cage og Magnúsi Blöndal Jóhannssyni. Meðal flytjenda eru breski píanóleikarinn John Tilbury, ástralski hljóðfæraleikarinn og tónskáldið Oren Ambarchi, og íslenski tónlistarhópurinn S.L.Á.T.U.R., Samtök listrænt ágengra tónsmíða umhverfis Reykjavík. Þessi nýja hátíð er spennandi viðbót við fjölbreytta tónleikaflóru landsins.



HLJÓMSVEIT UNGA FÓLKSINS

Sinfóníuhljómsveit Íslands leggur áherslu á að miðla af reynslu sinni og þekkingu. Árlega starfar hljómsveitin með efnilegum tónlistarmönnum af yngri kynslóðinni.

Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands, skipuð tónlistarnemum, heldur sína þriðju tónleika nú í nóvember og flytur hina stórbrotnu og kröfuhörðu sínfóníu nr. 5 eftir Mahler.

Þá eru haldnar árlega tvær keppnir þar sem framúrskarandi tónlistarnemar fá að leika einleik með Sinfóníunni: Grunnskólanemar á jólatónleikum í desember og nemar á menntaskóla- og háskólaaldri á tónleikum Ungir einleikarar sem haldnir eru í janúar.



KVÖLDSTUND Í HÖRPU

Í Hörpu eru tveir veitingastaðir sem upplagt er að heimsækja fyrir eða eftir tónleika. Á fyrstu hæð er að finna Munnhörpuna og á fjórðu hæð Kolabrautina. Munnharpan býður upp á fjölbreytta rétti og Kolabrautin eldar íslenskt hráefni með Miðjarðarhafsblæ. Veitingastaðirnir eru opnir alla daga og því er tilvalið að koma og njóta útsýnisins frá Hörpu yfir máltíð eða léttum drykk.

Einnig eru seldar léttar veitingar í hléi á tónleikum sem er um 20 mínútna langt. Þá býðst tónleikagestum að fullkomna upplifun sína með samblandi af góðri tónlist og góðum veitingum.

12TÓNAR



HRÍFANDI HLJÓMDISKUR

Fyrir á árinu kom á markað nýr hljómdiskur hjá Chandos-útgáfunni þar sem Sinfóníuhljómsveit Íslands flytur tvö verk eftir franska tónskáldið Vincent d'Indy: Ítalska sinfóníu, sem er æskuverk innblásið af fjórum ítölskum borgum og Poème des rivages sem lýsir dulúð og krafti Atlantshafsins í tónum. Gagnrýnendur hafa farið fögrum orðum um nýja diskinn, sem var meðal annars valinn diskur mánaðarins hjá breska vef tímaritinu MusicWeb.

Í maí birtist dómur um diskinn í tímaritinu Gramophone, þar sem gagnrýnandinn, Ivan March, sagði m.a.: „Hin framúrskarandi góða Sinfóníuhljómsveit Íslands er sannarlega tónlistarhópur á heimsmælikvarða.“

Þá var útgáfan valin ein af diskum mánaðarins í þætti þýsku útvarpsstöðvarinnar MDR. Þar sagði André Sittner: „Leikur hljómsveitarinnar frá eldfjallaeyjunni Íslandi er svo framúrskarandi góður, að maður hefði tæpast búist við slíkum flutningi nema í menningarhöfuðborgum heimsins.“

SNILLD Á DISKUM

Allir diskar Sinfóníuhljómsveitar Íslands fást í verslun 12 tóna í Hörpu. Verslunin mun leitast við að bjóða vandaðar útgáfur af þeim verkum sem flutt eru á hverju starfsári og hefur verið fastur viðkomustaður ófárra tónlistarunnenda um árabíl. Áskrifendur hljómsveitarinnar fá 15% afslátt í 12 tönnum.



FLYGILL AF FREMSTU GERÐ

Ekkert tónlistarhús sem vill standa undir nafni getur verið án fyrsta flokks flygils. Íðulega eru margir slíkir til taks í tónlistarhúsum erlendis, því að píanóleikarar hafa ólíkan smekk og flyglar geta verið gjörólíkir hvað varðar tón og áferð jafnvel þótt enginn munur sé sjáanlegur hið ytra. Harpa hefur eignast fyrsta flokks konsertflygil af Steinway-D gerð, en hann var sérvalinn í verksmiðjum fyrirtækisins í Hamborg fyrir á þessu ári. Það voru sambýlismennirnir og listunnendurnir Einar G. Eggertsson og Knútur R. Einarsson sem arfleiddu Hörpu að öllum eignum sínum, og var hluti arfsins notaður til að kaupa nýja flygilinn. Hann hefur nú þegar vakið hrifningu tónleikagesta, en Víkingur Heiðar Ólafsson varð fyrstur til að leika á hann á opnunartónleikum Sinfóníunnar í maí síðastliðnum.

TÓNLEIKAKYNNINGAR

Á þessu starfsári verða tónleikakynningar á undan öllum tónleikum í gulri og rauðri áskriftarröð. Kynningarnar fara fram í Eldborg, hefjast kl. 18.30 og standa í um 30 mínútur. Kynningarnar eru í höndum þeirra Árna Heimis Ingólfssonar og Halldórs Haukssonar, og eru tilvalin leið til að „hita upp“ fyrir tónleika með því að kynna sögunni á bak við tónana.

Kynningarnar eru haldnar í samvinnu við Vínafélag Sinfóníuhljómsveitarinnar.

Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

Opið hús á Menningarnótt 20.08.11



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS BÝÐUR Á TVENNA TÓNLEIKA Á MENNINGARNÓTT. FRÍTT ER INN Á TÓNLEIKANANA OG ALLIR ERU VELKOMNIR Á MEÐAN HÚSRÚM LEYFIR. HÆGT VERÐUR AÐ SÆKJA AÐGÖNGUMIÐA Í MIÐASÖLU Á TÓNLEIKADEGI.

14:00 **MAXÍMÚS MÚSÍKÚS**
HEIMSÆKIR HLJÓMSVEITINA

Bernharður Wilkinsson hljómveitarstjóri
Valur Freyr Einarsson sögumaður

Ævintýrið um Maximús Músíkús, sem villist óvart á æfingu hjá sinfóníuhljómsveit í glænýju tónlistarhúsi, hefur farið sigurför um heiminn á síðustu árum. Bókin með ævintýrinu hefur m.a. verið gefin út á ensku, þýsku og kóresku, og iPhone-leikur með músinni hlaut nýverið norræn verðlaun. Á tónleikunum hljómar tónlist úr ýmsum áttum, m.a. Hátíðargjall eftir Aaron Copland, Bolero eftir Maurice Ravel og Á Sprengisandi eftir Sigvalda Kaldalóns.

17:00 **KLASSÍK FYRIR ALLA**

Mikhaíl Glinka: *Rúslan og Lúdmíla, forleikur*
W.A. Mozart: *Flautukonsert í D-dúr*
Sergei Prokofiev: *Montag og Kapúlett, úr Rómeó og Júlíu*
Pjotr Tsjajkovskij: *Vals úr Þyrnirós*

Bernharður Wilkinsson hljómveitarstjóri
Stefán Ragnar Höskuldsson einleikari

Stefán Ragnar Höskuldsson flautuleikari er einn þeirra íslensku tónlistarmanna sem hvað lengst hafa náð í hinum alþjóðlega tónlistarheimi. Hann hefur verið flautuleikari við hina víðfrægu hljómsveit Metropolitan-óperunnar í New York frá árinu 2004 og hefur gegnt stöðu leiðandi flautuleikara við hljómsveitina í þrjú ár. Stefán Ragnar nam undir leiðsögn Bernharðar Wilkinssonar við Tónlistarskólann í Reykjavík og því er sérstakt ánægjuefni að hann skuli nú leika hinn ástsæla konsert Mozarts með Sinfóníunni undir stjórn síns gamla læriföður.



NÁMSKEIÐ UM BEETHOVEN

Í tilefni Beethoven-hrings Sinfóníuhljómsveitarinnar stendur Endurmenntun Háskóla Íslands fyrir þriggja kvöldna námskeiði um tónlist Beethovens. Á námskeiðinu mun dr. Árni Heimir Ingólfsson tónlistarfræðingur fjalla í tali og tónum um ævi og verk Beethovens, sérkenni hans sem tónskálds og hvernig verk hans hafa haft áhrif á kynslóðir listamanna og listunnenda allar götur síðan. Námskeiðið fer fram í Norræna húsinu 22. og 29. nóvember og 6. desember frá kl. 20:00-22:00. Nánari upplýsingar fást hjá Endurmenntun HÍ, www.endurmenntun.is.



VINAFÉLAG SINFÓNÍUNNAR

Vinafélag Sinfóníuhljómsveitar Íslands er öflugur vettvangur fyrir þá sem láta sig starfsemi hljómsveitarinnar miklu varða. Félagið hefur í gegnum tíðina staðið fyrir tónleikakynningum, fyrirlestrum og málþingum um sígilda tónlist og hefur einnig styrkt fjárhagslega ákveðin verkefni tengd hljómsveitinni. Starfsemi félagsins hefur mælst afar vel fyrir.

Sinfóníuhljómsveit Íslands býður vinum sínum á opna æfingu einu sinni á ári. Allir geta orðið meðlimir í Vinafélaginu og hægt er að skrá sig á sinfonia.is eða í miðasölu Hörpu. Árgjaldið er 3.000 krónur.



Hilary Hahn

LISTAMENN Á HEIMSMÆLIKVARÐA

Sinfóníuhljómsveit Íslands gegnir einstöku hlutverki í listalífi landsins og í nær hverri viku efnir hún til spennandi samstarfs með erlendum listamönnum í fremstu röð. Fullyrða má að úrval listamanna hafi sjaldan verið glæsilegra en á fyrsta starfsári hljómsveitarinnar í Hörpu. Meðal þeirra sem heiðra Hörpu með list sinni má nefna fiðlusnillinginn Hilary Hahn, píanómeistarann Denis Matsuev og sópranstjórnum Christine Schäfer, Miah Persson, Simone Kermes og Susan Grillon.

Íslenskir einleikarar og -söngvarar kveðja sér hljóðs með hljómsveitinni, og má þar nefna Víking Heiðar Ólafsson, Melkorku Ólafsdóttur, Elfu Rún Kristinsdóttur og Ágúst Ólafsson. Hljómsveitarstjórnarnir eru allir í fremstu röð á heimsvísu, hvort sem um er að ræða rússnesku goðsögnina Gennadíj Rosdestvenskíj, nýja aðalstjórnandann Ilan Volkov, eða hinn bráðsnjalla kvartett finnskra hljómsveitarstjóra sem stígur á svið í vetur: Hannu Lintu, Osmo Vänskä, Petri Sakari og Pietari Inkinen.

Beethoven-hringurinn



Sinfóníur Beethovens eru meðal helstu afreka vestrænnar menningar. Þær hafa mótað menningarsöguna rétt eins og málverk da Vincis, leikrit Shakespeares og skáldsögur Tolstoys, og þær hafa síður en svo glatað áhrifamætti sínum á þeim 200 árum sem liðin eru frá því þær urðu til. Beethoven var byltingarmaður síns tíma; í meðförum hans varð sífóníska formið vettvangur mikilla átaka, eins konar sálarspegill bæði fyrir tónskáld og áheyrendur.

Á starfsárinu 2011-12 mun Sinfóníuhljómsveit Íslands leika allar níu sinfóníur Beethovens á fernum tónleikum. Þetta er frábært tækifæri til að kynnast sinfóníum Beethovens í áhrifamiklum flutningi og í réttri tímaröð. Þannig fæst einstök mynd af þessum stórkostlega snillingi tónlistarinnar, sem fór ótroðnar slóðir allt til hinsta dags.

Finnski hljómsveitarstjórinn Hannu Lintu stjórnaði SÍ síðast vorið 2009 og hrifningin var slík að honum var umsvifalaust boðið að stjórna fyrsta Beethoven-hring Sinfóníunnar um árabíl. Lintu er á sannkallaðri sigurgöngu um heim sígildrar tónlistar. Hann bar sigur úr býtum í Norrænu stjórnendakeppninni í Bergen árið 1994 og hefur síðan stjórnað mörgum helstu hljómsveitum Norðurlanda og víðar, m.a. Fílharmoníunni í Bergen, Dönsku útvarpshljómsveitinni, Konunglegu fílharmoníunni í Stokkhólmi og Kammersveitinni í Lausanne. Lintu hefur um nokkurt skeið gegnt stöðu aðalstjórnanda við Fílharmoníuhljómsveitina í Tampere í Finnlandi, en hann var nýverið ráðinn aðalstjórnandi Finnsku útvarpshljómsveitarinnar í Helsinki.

Tónleikar Beethoven-hringsins verða annars vegar dagana 7. og 9. desember 2011 og hins vegar dagana 1. og 7. júní 2012.

Regnbogakort

Þín eigin tónleikaröð með veglegum afslætti

Með Regnbogakorti ert þú listrænn stjórnandi á þínu heimili. Þú velur þá tónleika sem höfða helst til þín af 34 tónleikum starfsársins og tryggir þér gott sæti með 20% afslætti. Hægt er að kaupa Regnbogakort með í það minnsta fernum tónleikum eða fleiri, eftir því sem best hentar.

Regnbogakort eru frábær kostur fyrir 25 ára og yngri, sem fá 50% afslátt af miðaverði.

Yfirlit yfir tónleikaraðir ásamt upplýsingum um verð og sätaskipan er að finna á bls. 68-75.

NOKKRAR SKEMMTILEGAR TILLÖGUR AÐ REGNBOGAKORTI:

Stórbrotið og spennandi Ómissandi á Regnbogakort þeirra sem vilja stórbrotna og kröftuga sinfóníutónleika:



Upphafstónleikar 08.09.11
Rússnesk veisla 15.09.11
Pláneturnar 03.11.11
Osmo stjórnar Mahler 02.02.12
Hilary snýr aftur 09.02.12
Mozart-veisla 15.03.12
Beethoven-hringurinn IV 07.06.12



Söngvaraveisla Fyrir þá sem hafa yndi af frábærum söng gæti Regnbogakortið litið svona út:

Messias 02.12.11
Sigrún Hjálmtýsdóttir 05.01.12
Helena Juntunen 02.02.12
Simone Kermes 23.02.12
Mozart-veisla 15.03.12
Christine Schäfer 14.06.12

Sólistar í fremstu röð Enginn verður svikinn af því að setja þessa snillinga á Regnbogakortið sitt:



Víkingur Heiðar Ólafsson 08.09.11
Viktoría Postnikova 15.09.11
Denis Matsuev 03.11.11
Sæunn Þorsteinsdóttir 24.11.11
Hilary Hahn 09.02.12
Sigrún Eðvaldsdóttir 10.05.12



Kvikmyndatónlist Sígild tónlist tengist kvikmyndum með ýmsu móti, og þeir sem hafa gaman af kvikmyndatónlist geta fjárfest í Regnbogakorti sem yrði eitthvað á þessa leið:

Pláneturnar 04.11.11
Beethoven-hringurinn II 09.12.11
James Bond-veisla 19.01.12
Hringadróttinssinfónían 16.02.12
Uppáhalds Mozart 30.03.12
Beethoven-hringurinn III 01.06.12

Sala nýrra Regnbogakorta hefst 16. ágúst.

Áskriftarkort

Fast sæti í allan vetur

Áskrift veitir þér 20-30% afslátt af tónleikum í hverri röð og er jafnframt hvatning til að sækja tónleika reglulega. Áskrifandi biður ekki í röð í miðasölu fyrir tónleika, gengur alltaf að sæti sínu vísu og á forkaupsrétt á sætinu þegar áskrift er endurnýjuð. Hægt er að borga með léttgreiðslum og jafnframt fá áskrifendur 10% afslátt af viðbótarmiðum á alla tónleika og 15% afslátt í verslun 12 tóna.

Ein áskrift veitir 20% afslátt. Tvær áskriftarraðir, t.d. Gul og Rauð, veita 25% afslátt. Þrjár áskriftarraðir, Gul, Rauð og Græn, veita 30% afslátt.

Afsláttur er af almennu miðaverði.

ÁSKRIFT ER BESTA LEIÐIN TIL TRYGGJA SÉR ÖRUGGT SÆTI OG GÓÐAN AFSLÁTT – OG DRÍFA SIG AF STAÐ!

Gula röðin er afbragðskostur fyrir þá sem vilja heyra fjölbreytilega klassíska tónlist.



Töfraspottinn 22.09.11
Áskell og Mahler 10.11.11
Beethoven-hringurinn II 09.12.11
Osmo stjórnar Mahler 02.02.12
Sigrún spilar Sjostakovitsj 10.05.12
Beethoven-hringurinn III 01.06.12
Mozart með Christine Schäfer 14.06.12

Græna röðin Þeir sem hafa gaman af vinsælli klassík af léttara taginu ættu að kynna sér Grænu röðina.



Pláneturnar 03.11.11
Messías – Aðventutónleikar 02.12.11
Vínartónleikar 05.01.12
Eftirlætis barokk 23.02.12
Uppáhalds Mozart 30.03.12

Rauða röðin Fyrir þá sem vilja hlusta á stóra sinfóníuhljómsveit í öllu sínu veldi leika kröftuga og áhrifamikla tónlist.



Rússnesk veisla 15.09.11
Melkorka og Mahler 29.09.11
Í fjarlægum heimi 24.11.11
Beethoven-hringurinn I 07.12.11
Hilary snýr aftur 09.02.12
Mozart-veisla 15.03.12
Beethoven-hringurinn IV 07.06.12

Litli tónspottinn Áskrift að skemmtun fyrir alla fjölskylduna þar sem yngstu tónlistarunnendurnir fá tækifæri til að kynna tónlistarinnar.




Hljómsveitin kynnir sig 26.11.11
Jólatónleikar 17.12.11
Úti í náttúrunni 28.04.12
Maxímús Músíkús bjargar ballettinum 19.05.12

MIÐASALA

Í anddyri Hörpu alla daga kl. 12-18. Sími 528 5050 / midasala@harpa.is / www.sinfonia.is / www.harpa.is

Almenn miðasala hefst 23. ágúst.



Tónleikar Sinfóníuhljómsveitar
Íslands haust, vetur og vor
2011/2012



Víkingur og Ashkenazy



Víkingur Heiðar Ólafsson



Vladimir Ashkenazy

FIMMTUDAGUR 08.09.11
19:30

Sergei Rakhmaninoff: *Píanókonsert nr. 3*
Dmítríj Sjostakovítsj: *Sinfónía nr. 5*

Vladimir Ashkenazy hljómveitarstjóri
Víkingur Heiðar Ólafsson einleikari

UPPHAFSTÓNLEIKAR

Það er óhætt að fullyrða að Vladimir Ashkenazy sé á heimavelli á upphafstónleikum Sinfóníunnar starfsárið 2011-12. Hann hefur hljóðritað píanókonserta Rakhmaninoffs í tvígang sem einleikari, undir stjórn André Previn og Bernard Haitink, og útgáfunar þykja enn meðal þeirra bestu á markaðnum. Heildarflutningur Ashkenazys á sífóníum Sjostakovítsj kom út hjá Decca á níunda áratugnum og var nýverið endurútgefinn í tilefni sjötugsafmælis hans.

Ekki er síður tilhlökkunarefni að Víkingur Heiðar og Ashkenazy leiði nú saman hesta sína í annað sinn, í hinum glæsilega þriðja píanókonserti Rakhmaninoffs. Fáir píanókonsertar gera viðlíka kröfur til einleikarans og sá þriðji, sem er bæði óvenjulangur og sérlega flókinn enda sérsniðinn að risavöxnum höndum tónskáldsins. Með kvikmyndinni Shine, þar sem glíma ástralska píanistans David Helfgott við þann þriðja var í forgrunni,

komst konsertinn í hóp vinsælustu klassíkera fyrr og síðar.

Sjaldan hefur eitt tónskáld átt jafn mikið undir viðtökum einnar tónsmíðar og þegar fimmta sífónía Dmítríj Sjostakovítsj var frumflutt í Leníngrad árið 1937. Ári áður hafði ferill hans hrunið til grunna á einni nóttu, þegar yfirvöld fordæmdu óperuna *Lafði Makbeð úr Mstensk-héraði*. Tónlistin er hádramatísk og margir telja sífóníuna einhverja þá mögnuðustu sem samin var á 20. öldinni.

Rússneskir meistarar: Tsjajkovskíj, Rakhmaninoff, Postnikova og Rosdestvenskíj



Viktoria Postnikova

FIMMTUDAGUR 15.09.11
19:30

Pjotr Tsjajkovskíj: *Píanókonsert nr. 2*
Sergei Rakhmaninoff: *Sinfónískir dansar*

Gennadíj Rosdestvenskíj hljómsveitarstjóri
Viktoria Postnikova einleikari

RÚSSNESK VEISLA

Rússneska goðsögnin Gennadíj Rosdestvenskíj hefur sannarlega unnið hug og hjörtu íslenskra tónleikagesta, og sama má segja um eiginkonu hans, Viktoriu Postnikovu. Færri komust að en vildu þegar hann stjórnaði Sinfóníunni á tvennum tónleikum í Háskólabíói í mars síðastliðnum, og því vissara að tryggja sér miða á tónleika þeirra hjóna sem fyrst. Ekki spillir heldur fyrir að hann hefur tekið ástfóstri við Sinfóníuhljómsveit Íslands og fullyrðir að hún sé með allra bestu hljómsveitum heims.

Fyrri efnisskrá Rosdestvenskíjs í þessari Íslandsheimsókn er helguð rússneskum meisturum. Flestir unnendur sígildrar tónlistar þekkja fyrsta píanókonsert Tsjajkovskíjs, en færri þekkja þann nr. 2 þótt hann sé ekki síður eftirtektarverð tónsmíð. Hægi kaflinn er ægífabur og þar leika fiðla og selló ekki síður stór hlutverk en einleikarinn, og verkinu lýkur síðan á glæsilegum sveitadansi

í rússneskum stíl. Konsertinn hefur verið eitt af glansnúmerum Viktoriu Postnikovu um árabíl og hljómar nú hér í sinni upprunalegu mynd.

Sergei Rakhmaninoff er aðallega þekktur sem píanótónskáld, en hann samdi einnig nokkur glæsileg hljómsveitarverk. Sinfónísku dansarnir voru síðasta tónsmíðin sem hann lauk við, í New York árið 1940. Þremur árum síðar var hann allur, en tónsmíðin þykir öðrum betur sýna snilli hans í meðferð hljómsveitarinnar og allra þeirra glæsilegu litbrigða sem hún býr yfir.

Goðsögn í lifanda lífi

GUL TÓNLEIKARÖÐ

Gennadj Rosdestvenskij

FIMMTUDAGUR 22.09.11
19:30

W.A. Mozart: *Sinfónía nr. 39*
Jean Sibelius: *Tapiola*
Leoš Janáček: *Sinfónietta*

Gennadj Rosdestvenskij hljómveitarstjóri

TÖFRASPROTINN

Á seinni tónleikum Rosdestvenskíjs í þessari heimsókn hljóma glæsileg hljómveitarverk úr ólíkum áttum. Mozart samdi síðustu símfóniúr sínar tveimur árum áður en hann lést, og í þeim er þessi meistari á hátindi sköpunar sinnar. Í símfóniunni í Es-dúr nr. 39 tekst honum með undraverðum hætti að flétta saman glaðværa, bjarta tóna og dekkri hendingar sem gefa í skyn að hér er fullþroska listamaður á ferð.

Sibelius samdi tónaljóðið *Tapiola* árið 1926, og þótt tónskáldið hafi lifað í þrjátíu ár enn er *Tapiola* einnig „síðverk“ á sinn hátt. Sibelius hætti að semja tónlist skömmu síðar; lengi voru uppi sögur um að hann hefði brennt handritið að áttundu símfóníu sinni sem heimsbyggðin beið eftir að heyra. *Tapiola* er innblásið af ógnvekjandi anda sem býr í furuskógum Finnlands og nefnist *Tapio*. Skoski gagnrýnandinn Cecil Gray fór um það þessum orðum: „Jafnvel þótt Sibelius hefði


ekki samið neitt annað, hefði þetta eina verk nægt til að skipa honum sess meðal meistara tónlistarsögunnar.“

Það gerist því miður alltof sjaldan að verk hins tékkneska Leoš Janáček hljómi á Íslandi. Símfóniéttan, sem er í fimm þáttum, var samin sama ár og Sibelius samdi *Tapiola*, en áhrifin eru gjörólík. Janáček samdi fyrir risastóra hljómveit þar sem lúðrar eru í forgrunni, enda þarf hvorki fleiri né færri en 14 trompetleikara til að flytja verkið. Kveikjan að tónlistinni var þegar Janáček heyrði lúðrasveit leika í heimabæ sínum. Í kjölfarið samdi hann þetta kraftmikla og glæsilega verk sem nú heyrir í upprunalegri gerð í fyrsta sinn á Íslandi. Tónskáldið sagði sjálf að verkinu væri ætlað að lýsa „nú tímamanninum, fegurð hans og gleði, styrk hans, hugrekki, og vilja hans til að berjast fyrir frelsinu“.

Ilan Volkov kveður sér hljóðs



Melkorka Ólafsdóttir



Gustav Mahler

FIMMTUDAGUR 29.09.11
19:30

MELKORKA OG MAHLER

Toru Takemitsu: *I Hear the Water Dreaming*
Toru Takemitsu: *Air*
Gustav Mahler: *Sinfónía nr. 7*

Ilan Volkov hljómshveitarstjóri
Melkorka Ólafsdóttir einleikari

Melkorka Ólafsdóttir er tvímælalaust einn fremsti hljóðfæraleikari Íslands af yngri kynslóðinni. Hún stundaði nám hjá fremstu flautuleikurum heims í Haag, Amsterdam, Lundúnum og París, og hún vakti mikla athygli fyrir frækilegan árangur sinn í Carl Nielsen-flautukeppninni 2010, þar sem hún komst í úrslit. Nú starfar hún sem flautuleikari í Japan og því verður athyglisvert að heyra hana túlka hinar seiðandi línur japanska meistarans Takemitsus.

Toru Takemitsu, sem lést árið 1996, var meistari hinna fíngerðu stemninga. Í tónlist hans má greina áhrif frá Debussy og japönskum þjóðlögum í bland við djass og Messiaen. Á þessum tónleikum verður flutt verk fyrir flautu og hljómshveit frá 1987, og meistaraverkið *Air* fyrir einleiksflautu, sem var síðasta tónsmíðin sem Takemitsu lauk við fyrir andlát sitt.

Árið 2011 er öld liðin frá því að Gustav Mahler andaðist í Vínarborg. Þessi meistari símfóniunnar skapaði einstakt andrúmsloft í tónlist sinni, sem knúin er áfram af sterkum andstæðum. Í verkum hans hljóma hinir ýmsu stílar tónlistarinnar: fuglasöngur, klezmer-lög og lúðrasveitarmúsík eiga þar jafnan tilverurétt og fágaðir Vínarvalsar eða djúphugul sálmalög. Hin stórfenglega sjöunda símfónía hans er hrifandi og dulúðleg tónsmíð, með tveimur milliköflum sem bera yfirskriftina *Nætursöngvar*.

Með þessum tónleikum tekur Ilan Volkov formlega við stöðu aðalstjórnanda Símfóníuhljómshveitar Íslands. Það er mikið gleðiefni að þessi hæfileikaríki stjórnandi skuli ganga til liðs við hljómshveitina á þessum tímamótum í sögu hennar. Volkov hefur getið sér gott orð víða um heim, m.a. fyrir hljóðritanir sínar og sem aðalstjórnandi BBC-hljómshveitarinnar í Skotlandi.

Ilan Volkov

FÖSTUDAGUR 30.09.11
18:30

Johannes Brahms: þættir úr *sinfóníu nr. 1*
Ígor Stravinskij: *Petrúska*, fyrri hluti

Ilan Volkov leiðbeinandi

NÁMSKEIÐ FYRIR HLJÓMSVEITARSTJÓRA

Margir ganga með þann draum í maganum að standa á stjórnandapalli og stýra heilli sinfóníuhljómsveit, en hinir eru færri sem láta drauminn rætast. Samkeppnin meðal ungra hljómsveitarstjóra er feikihörð og tækifærin til að öðlast reynslu á stjórnandapallinum eru sárafá. Því efnir Sinfóníuhljómsveit Íslands til meistaranámskeiðs með Ilan Volkov, þar sem þrír ungir hljómsveitarstjórar láta ljós sitt skína og fá leiðsögn frá hinum nýja aðalstjórnanda Sinfóníunnar.

Helstu tónlistarskólum Evrópu var boðið að tilnefna þátttakendur í námskeiðið og var tilkynnt í júní síðastliðnum hverjir urðu fyrir valinu. Þeir eru: Kalle Kuusava (Finnlandi), Sergei Simakov (Rússlandi) og Márcio da Silva (Brasilíu).

Öllum er velkomið að fylgjast með námskeiðinu. **Aðgangur er ókeypis.**

Nýtt og ferskt frá Norðurlöndum



Janne Rättyä



Sif Tulinius

FIMMTUDAGUR 06.10.11

19:30

Uljas Pulkkis: *Crystallizations*

Perttu Haapanen: *Obsession Park*

Henrik Strindberg: *Neptuni ákrar*

Einar Torfi Einarsson: *Repetition of Repetition*

Martyn Brabbins hljómsveitarstjóri

Janne Rättyä einleikari

Sif Tulinius einleikari

NORRÆNIR MÚSÍKDAGAR

Norrænir músíkdagar eru haldnir í höfuðborgum Norðurlandanna annað hvert ár og nú er röðin komin að Íslandi að halda þessa veglegu hátíð. Ung norræn tónskáld eru áberandi á efnisskránni í þetta sinn, m.a. þeir Perttu Haapanen og Uljas Pulkkis. Pulkkis var ekki nema ríflega tvítugur þegar hann hreppti fyrstu verðlaun í Queen Elisabeth-keppninni í Brüssel og skömmu síðar hlaut hann gullið í Mahler-keppninni í Klagenfurt. Henrik Strindberg lærði tónsmíðar hjá Iannis Xenakis og hefur verið meðlimur í rokksveitinni Ragnarök um áratuga skeið. Hljómsveitarverkið Neptuni ákrar þykir eitt hans allra besta og hlaut hin virtu Rosenberg-verðlaun árið 2008.

Einar Torfi Einarsson nam tónsmíðar í Reykjavík og Amsterdam og þykir með áhugaverðari tónskáldum yngri kynslóðarinnar. Hann hefur hlotið fjölda viðurkenninga fyrir tónverk sín, meðal annars í impuls-

tónsmíðakeppninni 2009, og hefur sótt tíma hjá meisturum á borð við Salvatore Sciarino og Brian Ferneyhough. Í tilefni Norrænna músíkdaga hefur hátíðin pantað nýtt verk hjá Einari Torfa og verður það í fyrsta sinn sem Sinfóníuhljómsveitin leikur verk þessa unga tónlistarmanns.

Breski stjórnandinn Martyn Brabbins er aðalgeststjórnandi Flæmsku fílharmóníuhljómsveitarinnar í Antwerpen, og á að baki langan feril með BBC-sinfóníuhljómsveitinni í Skotlandi. Brabbins þykir einn fremsti hljómsveitarstjóri Evrópu þegar kemur að því að flytja nýja tónlist, enda hefur hann stjórnað öllum helstu hljómsveitum á Bretlandi og Norðurlöndum auk þess að hljóðrita yfir 30 hljómdiska fyrir Hyperion-útgáfuna.

Stærsta hljómsveitin á Airwaves

ÝMSIR TÓNLEIKAR



Daníel Bjarnason



Víkingur Heiðar Ólafsson

FIMMTUDAGUR 13.10.11

AIRWAVES

Kl. 20:00

Valgeir Sigurðsson: *Draumalandið*

Kl. 21:00

Daníel Bjarnason: *Processions, píanókoncert*
Daníel Bjarnason: *Birting*

Kl. 22:00

Steve Reich: *Different Trains*

Daníel Bjarnason hljómsveitarstjóri
Víkingur Heiðar Ólafsson einleikari
ICE (International Contemporary Ensemble) strengjakvartett

Nú er Sinfóníuhljómsveitin komin með aðsetur í miðbæ Reykjavíkur og tekur í fyrsta sinn þátt í Iceland Airwaves-hátíðinni sem hefur sett svip sinn á tónlistarlíf Reykjavíkur allt frá árinu 1999. Á þrennum tónleikum hljóma verk eftir íslensk tónskáld af yngri kynslóðinni, auk þess sem einn fremsti nútímatónlistarhópur Bandaríkjanna flytur eitt af meistaraverkum mínimalismans, *Different Trains* eftir Steve Reich.

Valgeir Sigurðsson hefur komið víða við á tónlistarferli sínum, er bæði tónskáld og upptökustjóri, og starfaði m.a. með Björk að tónlistinni í *Dancer in the Dark* og á hljómdisknum *Medúlla*. Hann er einn af stofnendum *Bedroom Community* sem hefur gefið út tónlist eftir Nico Muhly, Ben

Frost, og Daníel Bjarnason, svo nokkrir séu nefndir. Valgeir samdi tónlistina við heimildarmyndina *Draumalandið*, og hlaut fyrir hana tilnefningu til Eddunnar 2010. Hljómdiskur með tónlistinni hefur hlotið góða dóma víða um heim og var meðal annars valinn diskur vikunnar hjá *Alarm Magazine*. Hér hljómar tónlistin í fyrsta sinn í sinfónískum búningi, en hún hefur þegar verið flutt í smærri útgáfum fyrir kammerhljómsveit á erlendum tónlistarhátíðum við frábærar undirtektir.

Daníel Bjarnason hefur vakið mikla athygli fyrir tónlist sína á undanförunum árum og komið fram sem tónskáld og hljómsveitarstjóri víða um heim. Hann var tilnefndur til Tónskáldaverðlauna

Valgeir Sigurðsson

Steve Reich

Norðurlandaráðs 2010 fyrir verkið *Bow to String*, og hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin sama ár. Þegar píanókonsertinn *Processions* var frumfluttur á Myrkum músíkdögum 2009 ætlaði þakið að rífna af Háskólabíói, slíkur var fögnuðurinn yfir hinu nýja verki. Jónas Sen skrifaði í dómi sínum í Morgunblaðið að konsertinn væri „undarlega heillandi... listilega samansettur“. Hljómsveitarverkið *Birthing* (*Emergence*) varð til fyrir tónleika Sinfóníunnar á Myrkum músíkdögum 2011 og hlaut ekki síður góðar viðtökur.

Steve Reich er tvímælalaust eitt áhrifamesta tónskáld síðustu áratuga. Breska dagblaðið *The Guardian* sagði Reich nýverið „einn fárra núlifandi höfunda sem sagt verður um að hafi breytt gangi tónlistarsögunnar“. Eitt

frægasta verk Reichs er *Different Trains* fyrir strengjakvartett og segulband, heillandi og áhrifarík hugleiðing um lestarferðir tónskáldsins í æsku þvert yfir Bandaríkin, og aðrar lestarferðir sem jafnaldrar hans fóru á meginlandinu, í útrýmingarbúðir nasista. Verkið verður hér flutt af strengjakvartett úr tónlistarhópnum ICE (*International Contemporary Ensemble*) sem starfar í New York og þykir skara fram úr í flutningi á nýrri tónlist.

Miðaverð á Airwaveskvöld Sinfóníunnar í Eldborg er 2500 kr. og gildir miðinn á alla þrenna tónleikana. Þeir sem kaupa sig inn á Airwaves hátíðina fá ókeypis aðgang.

Sinfónían heimsækir Norðurland

FIMMTUDAGUR 27.10.11
20:00

Carl María von Weber: *Klarínettukonsert nr. 2 í Es-dúr*

Ludwig van Beethoven: *Sinfónía nr. 3 í Es-dúr, Eroica*

Daníel Bjarnason hljómveitarstjóri
Einar Jóhannesson einleikari

SINFÓNÍAN Í HOFI

Nú eru liðin þrjú ár síðan Sinfóníuhljómsveitin lék síðast á Akureyri, haustið 2008. Nú er risið þar nýtt og glæsilegt tónlistarhús og því ekki seinna vænna að halda norður á ný. Á efnisskránni í Hofi eru tvö meistaraverk: glæsilegur klarínettukonsert Webers og kraftmikil símfónía Beethovens.

Einar Jóhannesson klarínettuleikari hefur um árabíl verið meðal fremstu tónlistarmanna landsins. Hann lauk einleikaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 1969 og hélt í kjölfarið til náms við Royal College of Music í Lundúnum þar sem hann vann til Frederick Thurston-verðlaunanna.

Einar hefur komið fram sem einleikari og hljóðritað fyrir fjölda útvarps- og sjónvarpsstöðva í Evrópu, Asíu, Bandaríkjunum og Ástralíu. Hann hefur gegnt stöðu sólóklarínettuleikara við Sinfóníuhljómsveit Íslands frá 1980, er stofnfélagi Blásarakvintetts Reykjavíkur og leikur með Kammersveit Reykjavíkur.



Einar Jóhannesson

Daníel Bjarnason starfar jöfnum höndum sem hljómsveitarstjóri, tónskáld og útsetjari. Meðal hljómsveita sem hann hefur stjórnað eru London Sinfonietta, Sinfóníuhljómsveit Íslands og hljómsveit Íslensku óperunnar auk þess sem hann er hljómsveitarstjóri og listrænn stjórnandi kammersveitarinnar Ísafoldar. Meðal annarra samstarfsmanna hans má nefna Sigur Rós, Ólöfu Arnalds, Oliviu Pedrolí og Hjaltalín. Daníel fékk tvenn verðlaun á Íslensku tónlistarverðlaununum

2010; sem höfundur ársins og fyrir tónverk ársins. Hann hlaut einnig Menningarverðlaun DV 2010 auk þess sem verk hans, Bow to String, var tilnefnt til Tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs árið 2010.

Miðasala í Hofi og á menningarhus.is

Á ferð um himinhvolfin



FIMMTUDAGUR 03.11.11
19:30

FÖSTUDAGUR 04.11.11
19:30

Sergei Rakhmaninoff: *Píanókoncert nr. 2*
Gustav Holst: *Pláneturnar*

Rumon Gamba hljómsveitarstjóri
Denis Matsuev einleikari
Vox feminae kór
Margrét Pálmadóttir kórstjóri

PLÁNETURNAR

Pláneturnar eftir Gustav Holst eru eitt glæsilegasta hljómsveitarverk 20. aldar. Hér er sjö reikistjörnum lýst í tónum með sérlega áhrifamiklum hætti, allt frá ágengum upphafskaflanum (Stríðsboðinn Mars) til dulúðlegs lokapáttarins (Hinn dulræni Neptúnus) þar sem kvennakór bætist við í fjarska. Tónlistin hefur hljómað í fjölmörgum kvikmyndum og verið tónskáldum eins og John Williams innblástur í eigin tónsmíðum. Þetta magnaða verk hljómar nú á Íslandi í fyrsta sinn í meira en áratug.

Píanókoncert nr. 2 eftir Rakhmaninoff er ein ástsælasta tónsmíð meistarans og sennilega mest leikni píanókoncert 20. aldarinnar. Þó reyndist örðugt að koma tónlistinni á blað. Eftir mislukkaðan frumflutning á nýrri símfóníu fékk Rakhmaninoff hálfgerð taugaáfall og lagði tónsmíðar algjörlega á hilluna, staðráðinn í því að þurfa ekki aftur að upplifa slíka niðurlægingu. Það var ekki fyrr en vinir Rakhmaninoffs komu honum í meðferð hjá dáiðslusérfræðingi að hann fékk sjálfs-traustið á ný, og útkoman lét ekki á sér standa. Einleiksparturinn er glæsilegur og ástþrungin stefin hafa sum öðlast framhaldslíf í öðrum búningi. Eða hvað skyldu margir vita að poppballaðan All By Myself, sem Celine Dion og fleiri hafa sungið, er stefið úr hægka kaflanum í konserti Rakhmaninoffs?



Rússneski píanistinn Denis Matsuev er íslenskum tónleikagestum að góðu kunnur, en síðast þegar hann lék á Íslandi ætlaði þakið að rifna af Háskólabíói að tónleikunum loknum. Matsuev hreppti fyrstu verðlaun í Tsjajkovskíj-píanókeppninni í Moskvu árið 1998 og hefur síðan skipað sér í röð fremstu píanista heims af rússneska skólanum. Tónleikar hans í Carnegie Hall voru hljóðritaðir af Sony Classical og hann kemur fram á yfir hundrað tónleikum árlega í fremstu tónleikahúsum heims.

Rumon Gamba kemur nú fram í Hörpu í fyrsta sinn, en hann var aðalstjórnandi Sinfóníunnar á árunum 2002–2010. Hann vakti mikla athygli íslenskra tónleikagesta fyrir kraftmikinn og litríkan stjórnunarstíl, sem hentar tvímælalaust vel þegar tekist er á við stórvirki á borð við Pláneturnar. Gamba var samnemandi Ilans Volkov við Konunglegu tónlistarakademíuna í Lundúnum og hefur stjórnað fjölda virtra hljómsveita víða um heim, m.a. Fílharmoníuhljómsveitunum í Lundúnum og New York. Hann stýrði nýverið frumflutningi á óperu Nicos Muhly, Two Boys, við Ensku þjóðaróperuna, og á næsta ári mun hann hljóðrita fimmta og síðasta hljómdiskinn með verkum Vincents d'Indy ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands fyrir bresku Chandos-útgáfuna. Hann er nú aðalstjórnandi Norrlandsoperan-sinfóníuhljómsveitarinnar í Svíþjóð.

Sinfóníuhljómsveit framtíðarinnar



SUNNUDAGUR 06.11.11
14:00

Gustav Mahler: *Sinfónía nr. 5*

Baldur Brönniman hljómsveitarstjóri

UNGSVEIT SINFÓNÍUNNAR

Það má með sanni segja að Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands sé framtak sem vakið hefur verðskuldaða athygli. Undanfarin tvö ár hafa tæplega hundrað ungmenni úr tónlistarskólum landsins safnast saman undir merkjum Sinfóníuhljómsveitarinnar og náð undraverðum árangri undir leiðsögn framúrskarandi hljóðfærleikara og stjórnenda.

Margoft hefur verið sýnt fram á að tónlistarmenntun er sterkt afl í uppeldi og menntun ungs fólks. Markmið Sinfóníuhljómsveitarinnar með námskeiðum Ungsveitarinnar er að þjálfa unga nemendur í hljómsveitarleik á atvinnustigi. Nemendur þurfa að standast prufuspil og til þeirra eru gerðar strangar kröfur, en árangurinn hefur verið glæsilegur og hinir ungu hljóðfærleikarar hafa lyft grettistaki með samstilltu átaki sínu.

Á þessum fyrstu tónleikum Ungsveitarinnar í Hörpu er ekki ráðist á garðinn þar sem hann er lægstur. Fimmta sinfónía Mahlers er eitt glæsilegasta hljómsveitarverk sögunnar, samið fyrir risavaxna hljómsveit. Tónlistin spannar allt litróf manlegra tilfinninga og víst að meðlimir Ungsveitarinnar munu vaxa mjög af samvistunum við stórbrotna tónlist Mahlers.

Hljómsveitarstjórinn Baldur Brönniman hefur áður stjórnað Sinfóníuhljómsveit Íslands með frábærum árangri og hefur áralanga reynslu af því að starfa með ungu fólki. Hann er aðalstjórnandi Þjóðarsinfóníuhljómsveitar Kólumbíu og BIT20-kammersveitarinnar í Noregi, en stofnaði auk þess fyrir nokkrum árum Æskulýðshljómsveit Kólumbíu og hefur á skömmum tíma komið þeirri sveit í hóp bestu æskuhljómsveita heims.

Tónlist úr öðrum heimi



Petri Sakari

FIMMTUDAGUR 10.11.11

19:30

Áskell Másson: *Hornkonsert (frumflutningur)*

Gustav Mahler: *Sinfónía nr. 9*

Petri Sakari hljómsveitarstjóri

Jósef Ognibene einleikari

ÁSKELL OG MAHLER

Gustav Mahler veigraði sér við því að semja níundu sífóníu sína, minnugur þess að hvorki Beethoven né Bruckner entist aldur til að semja fleiri en níu. Því samdi hann fyrst lagaflokkinn *Das Lied von der Erde*, sem hann kallaði sífóníu án þess að tiltaka númer, og vonaðist til þess að hafa þannig ruglað örlögin í ríminu. Það fór þó á annan veg, og Mahler lést skömmu eftir að hann lauk við níundu sífóníuna, án þess að hafa nokkru sinni heyrt hið nýja verk sitt hljóma.

Allar götur síðan hefur tónlistarunnendum borið saman um að níunda sífónían sé einstök og stórfengleg tónsmíð. Alban Berg, sem var viðstaddur frumflutninginn, sagði tónlistina vera „hið allra dýrðlegasta sem Mahler samdi“; hljómsveitarstjórinn Herbert von Karajan sagði að þetta væri „tónlist sem kemur úr öðrum heimi, úr heimi eilífðarinnar“.

Það er óþarfi að kynna Jósef Ognibene fyrir gestum Sífóníunnar: hann hefur um áratuga skeið leitt hornaflokk hljómsveitarinnar með þvílíkum glæsibrag að eftir er tekið jafnt innan landsteinanna sem utan. Hann lærði í Los Angeles og í Þýskalandi hjá Hermann Baumann, og hreppti bronsverðlaun í keppninni *Vorið* í Prag árið 1978. Petri Sakari er sömuleiðis á heimavelli, en hann var aðalstjórnandi SÍ um árabíl og nær ávallt frábærum árangri með hljómsveitinni.

Áskell Másson er eitt afkastamesta tónskáld Íslands um þessar mundir og hefur hlotið fjölda viðurkenninga fyrir verk sín. Nú hljómar í fyrsta sinn nýr hornkonsert Áskels sem hann samdi sérstaklega með Jósef Ognibene í huga.

Sæunn spilar Dutilleux



Sæunn Þorsteinsdóttir

FIMMTUDAGUR 24.11.11
19:30

Anna Þorvaldsdóttir: *Aeriality* (frumflutningur)

Henri Dutilleux: *Tout un monde lointain...*

Johannes Brahms: *Sinfónía nr. 4*

Ilan Volkov hljómveitarstjóri
Sæunn Þorsteinsdóttir einleikari

Í FJARLÆGUM HEIMI

Sæunn Þorsteinsdóttir hefur vakið verðskuldaða athygli á undanförunum árum fyrir innblásinn og ástríðuþrunginn leik sinn. Hún útskrifaðist með meistaragráðu frá Juilliard árið 2008 og hefur undanfarin ár starfað í kammerhópi á vegum Carnegie Hall. Heimsfrægir tónlistarmenn á borð við Itzhak Perlman og Mitsuko Uchida hafa valið hana til að leika með sér kammertónlist, og fyrir skömmu hlaut hún sérstakt lof gagnrýnanda New York Times fyrir hrífandi spilamennsku.

Á þessum tónleikum leikur Sæunn einn af eftirlætis konsertum sínum, eftir franska meistarann Henri Dutilleux, sem nú er kominn hátt á tíræðisaldur. Dutilleux hefur samið tónverk innblásinn af öðrum listgreinum, m.a. málverkum Vincents van Gogh, en í þessu verki er útgangspunkturinn hending úr *Les fleurs du mal* eftir Baudelaire: „Heill heimur, fjarlægur, fjarrænn, nærri því dáinn.“ Konsertinn hefur verið talinn einn merkasti sellókonsert 20. aldar

allt frá því að Rostropovitsj frumflutti hann árið 1970. Það er löngu tímabært að þetta litríka og göldrum gædda verk hljómi á Íslandi í fyrsta sinn.

Anna Þorvaldsdóttir stundaði nám við Listaháskóla Íslands og er í þann veginn að ljúka doktorsgráðu í tónsmíðum frá Kaliforníuháskóla. Hún hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin 2011 fyrir hljómveitarverk sitt, *Hrím*. Nú frumflytur Sinfónían glænýtt verk eftir þessa efnilegu tónlistarkonu sem þegar hefur vakið verulega athygli víða um heim.

Fjórða sinfónía Brahms var sú síðasta sem hann samdi. Hér mætast fortíð og nútíð á áhrifamikinn hátt; tónlistin er bæði tilfinningaþrungin og rómantísk en í lokaþættinum lítur aldna tónskáldið um öxl og byggir tónlistina á kantótukafla eftir Johann Sebastian Bach.

„Hvaða hljóðfæri er þetta?“



LAUGARDAGUR 26.11.11
14:00

Reinhold Glière: úr *Hörpukonserti*
W.A. Mozart: úr *Hornkonserti nr. 4*
J.S. Bach: *Badinerie* úr *hljómsveitarsvítu nr. 2*
Lars-Erik Larsson: úr *Concertino* fyrir
kontrabassa
Carl Maria von Weber: úr *Concertino* fyrir
klarínnett
Pablo Sarasate: úr *Sígaunaljóðum*

Bernharður Wilkinson hljómsveitarstjóri
Trúðurinn Barbara kynnir
Katie Buckley, Hallfríður Ólafsdóttir,
Einar Jóhannesson, Jósef Ognibene,
Sigrún Eðvaldsdóttir, Hávarður
Tryggvason einleikarar

HLJÓMSVEITIN KYNNIR SIG

Í símfóníuhljómsveit úir og grúir af ólíkum hljóðfærum: strengjahljóðfæri, blásturs-hljóðfæri úr tré og málmum, trommur og pákur eru meðal þess sem ber fyrir augu og eyru. Útkoman er óneitanlega stórfengleg þegar öll þessi hljóðfæri renna saman í eitt, en þó getur einnig verið gaman að kynnast hljóðfærunum betur, hverju fyrir sig.

Þessir nýstárlegu fjölskyldutónleikar eru þeir fyrstu í nýrri röð sem mun standa næstu árin, þar sem leiðandi hljóðfæraleikarar úr Símfóníuhljómsveit Íslands kynna hljóðfæri

sín fyrir gestum. Trúðurinn Barbara segir á fróðlegan og gamansaman hátt frá helstu einkennum hljóðfæranna, og einleikararnir láta ljós sitt skína í stuttum konsertþáttum. Á þessum tónleikum verða sex hljóðfæri í forgrunni: fiðla, kontrabassi, flauta, klarínnett, horn og harpa. Þetta er einstakt tækifæri til að kynnast betur hinum spennandi hljóðfæraheimi sem sameinast í heilli símfóníuhljómsveit.

Messías – Händel



Robin Blaze



Matthew Halls

FÖSTUDAGUR 02.12.11
19:30

G.F. Händel: *Messías*

Matthew Halls hljómsveitarstjóri
Susan Gritton, Robin Blaze, James Oxley,
Matthew Brook einsöngvarar
Kór Áskirkju og Hljómeyki
Magnús Ragnarsson kórstjóri

AÐVENTUTÓNLEIKAR

Það er varla ofsögum sagt að óratórían Messías sé eitt frægasta klassíska tónverk heims. Hér er sagt frá boðun, fæðingu og krossfestingu Kristis á hrifandi og dramatískan hátt. „Besta tónsmíð sem nokkru sinni hefur heyrst“, sagði einn gagnrýnandi eftir frumflutninginn í Dyflinni árið 1742. Í Messíasi er meðal annars Hallelúja-kórinn sem allir þekkja, en einnig dásamlegar aríur á borð við Rejoice greatly and I know that my redeemer liveth. Víða um heim er Messías orðinn ómissandi hluti jólaundirbúningsins og er því vel við hæfi að flytja verkið á fyrstu aðventutónleikum Sinfóníunnar í Hörpu.

Sannkallað einvalalið söngvara kemur fram á þessum tónleikum. Susan Gritton er ein fremsta sópransöngkona sinnar kynslóðar og hefur m.a. sungið Messías á frægri hljóðritun Pauls McCreesh fyrir Deutsche Grammophon. Hún hefur verið tilnefnd til Grammy-verðlauna fyrir hljóðritanir sínar og kemur m.a. fram á tónleikapalli með Simon Rattle og Berlínarfílharmóníunni.

Breski kontratenórinn Robin Blaze heillaði íslenska tónleikagesti upp úr skónum með túlkun sinni á h-moll messu Bachs á Kirkjulistahátíð fyrir nokkrum árum. Hann er talinn einn fremsti söngvari í sínu fagi



Susan Gritton

í heiminum og hefur hlotið afburða dóma bæði fyrir tónleika sína og hljóðritanir, ekki síst heildarflutning á kantötum Bachs með Masaaki Suzuki fyrir BIS-forlagið.

Á milli þess sem James Oxley gegnir prófessorsstöðu við Royal College of Music ferðast hann um heiminn og syngur barokktónlist með John Eliot Gardiner, Philippe Herreweghe og fleiri meisturum.

„Hann breytir öllu sem hann syngur í gull“, sagði breska dagblaðið Observer um bassasöngvarann Matthew Brook. Hann hlaut enda Gramophone-verðlaunin fyrir söng sinn í Messíasi með Dunedin Consort árið 2007, og hefur komið fram með öllum helstu barokk-tónlistarhópum heims.

Breski stjórnandinn Matthew Halls hefur getið sér einkar gott orð fyrir túlkun sína á barokktónlist, einkum sem listrænn stjórnandi hljómsveitarinnar Retrospect Ensemble. Hann hefur stjórnað í tónleikasölum á borð við Concertgebouw í Amsterdam, La Cité de la Musique í París og Konserthúsinu í Berlín, auk þess sem hann hefur stýrt óperuflutningi við Bæversku þjóðaróperuna, Komische Oper í Berlín og í Lincoln Center í New York. Um nýjasta hljómdisk Halls sagði einn gagnrýnandi að túlkunin væri „hnífbeitt, öguð og gegnsýrð af fyrsta flokks músíkalíteti“.

Sinfóníur stórmearastarans



Ludwig van Beethoven

MIÐVIKUDAGUR 07.12.11
19:30

Ludwig van Beethoven: Sinfónía nr. 1

Ludwig van Beethoven: Sinfónía nr. 2

Ludwig van Beethoven: Sinfónía nr. 3, Eroica

Hannu Lintu hljómsveitarstjóri

BEETHOVEN-HRINGURINN I

Ludwig van Beethoven var einn þeirra listamanna sem breyttu gangi tónlistarsögunnar. Þegar hann hóf tónsmíðaferil sinn í Vínarborg rúmlega tvítugur að aldri var sinfóníska formið fyrst og fremst fremur saklaus skemmtimúsík. Þegar hann lést árið 1827 var sinfónían orðin form hinna risavöxnu átaka; í tónlist sinni speglaði hann bæði sitt eigið sálarástand og heiminn allan í mikilfengleika sínum, fegurð og illsku, gleði og ljótleika.

Fyrstu tvær sinfóníur Beethovens eru þær sem helst bera keim af verkum Mozarts og Haydns. Þó heyrir að hér var kominn ungur maður með nýja rödd, sem mikils mátti vænta af í framtíðinni. Með þriðju sinfóníu sinni hélt Beethoven inn á nýja braut. Hetjuhljómkviðan er almennt talin eitt af byltingarkenndustu verkum tónlistarinnar; verk sem breytti öllum viðmiðum og skilgreindi bæði form og innihald sinfóníunnar upp á nýtt. Sinfónían átti upphaflega að vera hylling til Napóleons

Bonaparte, sem Beethoven taldi boðbera frelsis og mannréttinda. En í maí 1804 tók Napóleon sér keisaranafnbót og Beethoven var svo misboðið að hann strikaði út tileinkun sinfóníunnar – „intitolata Bonaparte“ – með slíku offorsi að gat kom á titilsíðu handritsins. Í staðinn kom yfirskriftin „Hetjuhljómkviða – samin í minningu mikilmennis.“

Þótt hugsjónir frönsku byltingarinnar væru fyrir borð bornar var músíkylting Beethovens rétt að byrja. Aldrei hafði áður heyrst þvilík djörfung í hljómaðali, formi eða tímalengd, enda vissu Vínarbúar vart hvaðan á sig stóð veðrið. „Ég skal borga ykkur heilan kreutzer fyrir að hætta þessum hávaða,“ á örvæntingarfullur tónleikagestur að hafa hrópað þegar verkið hljómaði í fyrsta sinn. Nú þykir Eroica-sinfónían ein sú magnaðasta sem samin hefur verið og flutningur hennar á tónleikapalli á Íslandi telst ávallt til stórtíðinda.



FÖSTUDAGUR 09.12.11
19:30

Ludwig van Beethoven: *Sinfónía nr. 4*
Ludwig van Beethoven: *Sinfónía nr. 5,*
Örlagasinfónían

Hannu Lintu hljómsveitarstjóri

BEETHOVEN-HRINGURINN II

Beethoven-hringurinn heldur áfram með tónleikum þar sem hljóma tvær gjörólíkar sífóníur meistarans. „Hún er grannvaxin gyðja sem stendur milli tveggja norrænna rísa“, sagði Robert Schumann um fjórðu sífóníu Beethovens. Sú fjórða er vissulega styttri en Eroica og ekki eins átakanlega dramatísk og Örlagasinfónían. Hún býr hins vegar yfir smitandi lífsþrótti og heillandi fegurð, er björt, fersk og glaðvær, enda álíta margir hana eina af vanmetnustu tónsmíðum meistarans.

„Þannig banka örlögin á dyrnar“, á Beethoven að hafa sagt um upphafið að fimmtu sífóníu sinni. Engir upphafstaktar hafa náð þvílíkri frægð og ekkert verk Beethovens hefur haft

jafnmikil áhrif á síðari kynslóðir. Sá mikli dramatískri kraftur sem í verkinu býr hefur síður en svo dvínað á tveimur öldum. Barátta tónskáldsins við eigin örlög, heyrnarleysi og einmanaleika verður næstum áþreifanleg fyrir eyrum manns.

Þetta fundu áheyrendur strax við frumflutninginn 1808, og hin nýja sífónía varð brátt eins konar stefnuskrá fyrir hinn nýja og tilfinningaþrungna rómantíska stíl. Þýska skáldið E.T.A. Hoffmann sagði nokkrum árum síðar: „Fimmta sífónía Beethovens opnar flóðgáttir ógnar, ótta, hryllings og þjáningar, og vekur þá endalaus þrá sem er innsta eðli mannsandans.“

Hátíð fer að höndum ein



FÖSTUDAGUR 16.12.11

17:00

LAUGARDAGUR 17.12.11

14:00

LAUGARDAGUR 17.12.11

17:00

Leroy Anderson: Jólaforleikur

Pjotr Tsjajkovskij: kaflar úr Hnotubrjótnum

Darius Milhaud: Brazileira, úr Scaramouche

Camille Saint-Saëns: Havanaise

Vinsæl jólalög

Bernharður Wilkinson hljómveitarstjóri

Trúðurinn Barbara kynnir

Sólveig Steinþórsdóttir,

Sölvi Kolbeinsson einleikarar

Kristjana Stefánsdóttir einsöngvari

Nemendur úr Listdansskóla Íslands

Skólakór Kárness

Þórunn Björnsdóttir kórstjóri

JÓLATÓNLEIKAR

Það er einatt bros á hverju andliti á jóla-
tónleikum Sinfóníunnar. Það er orðin árviss
hefð að ungur og efnilegur einleikari stígur á
svið með hljómveitinni, og er haldin um það
sérstök keppni vor hvert. Í þetta sinn urðu
raunar tveir ungir tónlistarnemar fyrir valinu,
fiðluleikari og saxófónleikari.

Segja má að suðræn sveifla verði áberandi
á tónleikunum, því að Sölvi Kolbeinsson
leikur brasilíska sömbu á saxófóninn sinn og
Sólveig Steinþórsdóttir flytur seiðandi fiðlu-
tóna frá Havana. Þá koma framhalds-
nemendur úr Listdansskóla Íslands öllum í
hátíðarskap með eftirlætis dónsunum sínum
úr Hnotubrjótnum.

Ekki má heldur gleyma Jólaforleiknum sívin-
sæla þar sem mörg eftirlætis jólalög hljóma
hvert á fætur öðru. Kristjana Stefánsdóttir
syngur einsöng, og trúðurinn Barbara heldur
utan um allt saman og sér til þess að bæði
börn og foreldrar skemmti sér konunglega.



Vetur og vor 2012





Gleði og glaumur á nýju ári



Sigrún Hjálmtýsdóttir

FIMMTUDAGUR 05.01.12
19:30

FÖSTUDAGUR 06.01.12
19.30

LAUGARDAGUR 07.01.12
17:00

Willy Büchler hljómveitarstjóri
Sigrún Hjálmtýsdóttir einsöngvari

VÍNARTÓNLEIKAR

Vinsælustu tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands eru hinir árlegu Vínartónleikar, og víst er að margir hlakka til að heyra hljómsveitina í léttu og leikandi formi í Hörpu í fyrsta sinn. Dansandi flöskutappar, freyðandi kampavín, fallegir kjólar, reisin og glæsileiki eru einkenni Vínartónlistarinnar sem mörgum þykir ómissandi í upphafi árs. Á Vínartónleikunum 2012 hljómar sígild Vínartónlist, meðal annars Dónárvalsinn sívinsæli eftir valsakónginn sjálfan, Johann Strauss yngri.

Austurríski hljómveitarstjórinn Willy Büchler er svo sannarlega á heimavelli þegar kemur að léttari og leikandi Vínartónlist. Hann er aðalgestastjórnandi Hljómsveitar Strauss hátíðarinnar í Vínarborg og hefur í yfir 20 ár heillað tónleikagesti með líflegum, gáskafullum en um leið vönduðum tónlistarflutningi. Büchler er sjálfur Vínarbúi í

húð og hár, er afburða fiðluleikari og var um árabíl einn af leiðandi fiðluleikurum Útvarps-hljómsveitarinnar í Vínarborg. Hann stjórnar árlega Vínartónleikum í Konzerthaus í Vínarborg við mikinn fögnuð, og það er óhætt að spá því að gleðistraumar muni flæða um Hörpu þegar Sinfónían tekur að leika ljúfa Vínartóna undir hans stjórn.

Það er óþarfi að kynna Sigrúnu Hjálmtýsdóttur fyrir landsmönnum. Diddú hefur um áratuga skeið verið ein af ástsælustu söngkonum þjóðarinnar, sama hvort hún treður upp með Spilverki þjóðanna eða syngur aríur á óperusviði. Á Vínartónleikana 2012 hefur hún valið nokkrar eftirlætis aríur sínar í léttari kantinum, meðal annars aríur úr Leðurblökunni eftir Strauss, sem og slagarann sígilda, Wien, Wien, nur du allein.

Lög unga fólksins



FIMMTUDAGUR 12.01.12
19:30

Efnisskrá tilkynnt síðar

Bernharður Wilkinson hljómsveitarstjóri
Einleikarar kynntir síðar

UNGIR EINLEIKARAR

Líklega dreymir alla tónlistarmenn um að komast einhvern tímann á tónleikapall með stórrí hljómsveit í stórum sal. Á hverju ári fer fram keppni ungra einleikara sem Sinfóníu-hljómsveitin stendur að í samvinnu við Listaháskóla Íslands. Keppnin er opin nemendum á háskólastigi, óháð því hvaða skóla þeir sækja. Hver nemandi flytur hálf tíma dagskrá með verkum af ólíkum toga, og dómnefndin er skipuð listafólki úr fremstu röð.

Erlendis er afar sjaldgæft að nemendum sem enn eru í skóla gefist slík tækifæri en í okkar litla menningarsamfélagi er hægt að bjóða upp á kosti sem annars væru utan seilingar. Sinfóníuhljómsveitin og Listaháskóli Íslands leiða saman krafta sína til að vígja okkar efnilegasta tónlistarfólk í heim atvinnumennskunnar og um leið fá almennir áheyrendur tækifæri til að fylgjast með þroska og framförum þess fólks sem síðar mun leiða íslenskt tónlistarlíf til nýrra ávinninga.

Það er mikið gleðiefni hversu margir efnilegir tónlistarmenn leynast í skólum landsins og ávallt stór stund þegar nokkrir þeirra fá að stíga á svið með hljómsveitinni. Á þessum tónleikum ríkir ávallt sérstök spenna, eftirvænting og gleði yfir þeim mannaúði sem íslensk þjóð býr yfir.

Einleikarakeppni SÍ og LHÍ fer fram í október 2011 og í kjölfarið verða nöfn þeirra sem hreppa hnossið birt á heimasíðu Sinfóníuhljómsveitarinnar.

„Hristan, ekki hræðan“



FIMMTUDAGUR 19.01.12
20:00

FÖSTUDAGUR 20.01.12
20:00

Tónlist úr James Bond kvikmyndunum

Carl Davis hljómsveitarstjóri
Valgerður Guðnadóttir, Sigríður Thorlacius, Inga Stefánsdóttir, Páll Óskar Hjalmtýsson, Eyþór Ingi Gunnlaugsson, Sigríður Beinteinsdóttir, einsöngvarar

JAMES BOND-VEISLA

Árið 2012 eru 50 ár liðin frá því að James Bond birtist í fyrsta sinn á hvíta tjalduinu, í myndinni Dr. No með Sean Connery í aðalhlutverki. Síðan eru myndirnar orðnar 24 talsins og enn ein væntanleg.

Eitt af því sem einkennir Bond-myndirnar er frábær tónlist. Titilstefið þekkja flestir enda hefur það fylgt myndunum frá upphafi, en meðal tónlistarmanna sem hafa komið til liðs við myndirnar síðan má nefna Madonna, Paul McCartney, Duran Duran, A-ha og Tinu Turner.

Sinfóníuhljómsveitin býður nú til Bond-veislu þar sem fluttir verða allir helstu smellirnir úr myndunum, meðal annars You Only Live Twice, Nobody Does It Better og A View To a Kill.

Breski stjórnandinn og tónskáldið Carl Davis hefur stýrt Bond-tónleikum víða um heim við góðan orðstír, meðal annars á tónleikum í Royal Albert Hall sem þurfti að endurtaka margoft vegna mikillar eftirspurnar.

Íslenskir söngvarar í fremstu röð taka þátt í tónleikumunum. Páll Óskar sló öll met með Sinfóníunni á síðasta starfsári og snýr nú aftur á svið Eldborgar ásamt Valgerði Guðnadóttur, Sigríði Thorlacius úr Hjaltalín, Sögu Beinteins, Ingu Stefánsdóttur og Eyþóri Inga Gunnlaugssyni, sem vakti mikla hrifningu í Rocky Horror hjá LA í fyrravetur.

Nýtt, ferskt og spennandi



Ilan Volkov

FIMMTUDAGUR 26.01.12

19:30

Giacinto Scelsi: *Hymnos*

Atli Ingólfsson: *Mani*

Hugi Guðmundsson: *Orkestur (frumflutningur)*

Iannis Xenakis: *Metastasis*

Hans Abrahamsen: *10 sínfónúr*

Ilan Volkov hljómsveitarstjóri

MYRKIR MÚSÍKDAGAR

Á tónleikum Sinfóníunnar á Myrkum músíkdögum hljóma íslensk verk í bland við erlenda samtímatónlist eftir nokkur af athyglisverðustu tónskáldum samtímans. Iannis Xenakis var eitt af stóru tónskáldunum á síðari hluta 20. aldar. Metastasis var fyrsta stóra hljómsveitarverk hans sem vakti verulega athygli, samið 1954 eftir að hann hafði numið um skeið hjá Messiaen. Hljómsveitin samanstendur af 61 hljóðfæri sem hvert leikur sína eigin sjálfstæðu rödd, svo að allt rennur saman í mikilfenglegan hljóðmassa.

Hymnos, eða Sálmur, er eitt einfaldasta og áheyrilegasta verk ítalska meistarans Giacinto Scelsi, fyrir stóra hljómsveit sem skipt er upp í tvo hópa sem leika hvor á móti öðrum.

Danska tónskáldið Hans Abrahamsen hefur hlotið fjölda viðurkenninga fyrir tónlist sína. Hann lærði m.a. hjá Györgi Ligeti

og Per Nørgård og verk hans hafa verið flutt m.a. á Proms-hátíðinni í Lundúnum. Abrahamsen hlaut Wilhelm Hansen-tónskáldaverðlaunin 1995. Hann er sérstakur gestur Sinfóníuhljómsveitarinnar á þessum tónleikum og er nýja hljómsveitarverk hans, 10 sínfónúr, samið að hluta fyrir Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Meðal fyrrum nemenda Abrahamsen í Kaupmannahöfn er Hugi Guðmundsson, sem lauk meistaraprófi þaðan vorið 2005 og stundaði einnig framhaldsnám í elektróník í Hollandi. Hugi hefur starfað með fjölda viðurkenndra flytjenda og tónlistarhópa, og hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin 2008 fyrir verk sitt, Apocrypha, og tvö verka hans hafa hlotið sérstaka viðurkenningu á Alþjóðlega tónskáldabæpinginu.



FÖSTUDAGUR 27.01.12

10:00

Efnisskrá tilkynnt síðar

Ilan Volkov hljómsveitarstjóri
Hans Abrahamsen leiðbeinandi

TÓNSKÁLDASTOFA

Sinfóníuhljómsveit Íslands vill stuðla að því að íslensk tónskáld fái þá þjálfun og leiðsögn sem nauðsynleg er til að semja fyrir hljómsveit. Oft reynist tónskáldum örðugt að fá reynslu á þessu sviði þar sem tækifærin eru fá og samkeppnin mikil.

Í janúar 2012 efnir SÍ í annað sinn til svokallaðrar Tónskáldastofu, þar sem valin verða til þátttöku þrjú hljómsveitarverk eftir tónskáld undir 35 ára aldri. Hljómsveitin mun leika verkin undir stjórn Ilans Volkov, og í kjölfarið fá tónskáldin athugasemdir og leiðbeiningar frá hljómsveitarmedlimum, stjórnanda og tónskáldinu Hans Abrahamsen sem einnig verður viðstaddur. Með þessu framtaki vonast SÍ til að taka virkan þátt í uppeldi íslenskra hljómsveitartónskálda.

Skilafrestur tónverka í Tónskáldastofuna er föstudaginn 23. september 2011, klukkan 12 á hádegis. Verkin skulu ekki vera lengri en 15 mínútur og fjöldi flytjenda skal ekki vera meiri en sem nemur hefðbundinni stærð Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Verkin skulu merkt með dulnefni og skal umslag með nafni höfundar, merkt dulnefninu, fylgja hverju innsendu verki.

Nánari upplýsingar er að finna á www.sinfonia.is.

Magnþrungin örlög frá Mahler og Vänskä



Osmo Vänskä

Helena Juntunen

FIMMTUDAGUR 02.02.12
19:30

Alban Berg: *Sieben frühe Lieder*
Gustav Mahler: *Sinfónía nr. 6*

Osmo Vänskä hljómsveitarstjóri
Helena Juntunen sópran

OSMO STJÓRNAR MAHLER

Það voru fagnaðarfundir þegar Osmo Vänskä stýrði Sinfóníuhljómsveit Íslands fyrir skömmu eftir langa fjarveru. Það var Osmo sem hélt um tónsprotann þegar SÍ lék í Carnegie Hall í fyrsta sinn árið 1996 og mál manna að hljómsveitin leiki sjaldan betur en undir hans stjórn.

Á fyrstu tónleika sína í Hörpu hefur hann valið hina magnþrungnu sjöttu sífóníu Mahlers, sem er samin fyrir risavaxna hljómsveit og er eitt áhrifamesta verk höfundarins. Sinfónían veitir innsýn í heim ógnar og óreiðu; tónlistin er kraftmikil en dökk, eins og skuggi dauðans sé hvarvetna nálægur. Skömmu síðar lést dóttir Mahlers úr skarlatssótt og sjálfur greindist hann með hjartakvilla sem leiddi hann til dauða; Alma eiginkona hans var þess fullviss að með þessari átakanlegu sífóníu hefði hann storkað örlögum og myndi jafnvel þurfa að gjalda með lífi sínu.

Sópransöngkonan Helena Juntunen vakti fyrst verulega athygli á heimsvísu í Cardiff-einsöngvarakeppinni 2007. Hún hefur sungið við Finnsku þjóðaróperuna um árabíl og hefur einnig komið fram við helstu óperuhús meginlandsins. Osmo Vänskä valdi hana til að syngja Luonnotar eftir Sibelius á tónleikum með Lundúnaflharmóníunni og Juntunen stal senunni: „Hún er náttúruafl“, stóð í The Times eftir tónleikana; aðrir tóku í sama streng og töluðu um „hreina opinberun“.

Alban Berg samdi fjölda sönglaga meðan hann var í tónsmíðanámi hjá Arnold Schönberg á árunum 1905–08. Löngu síðar valdi Berg sjö eftirlætis lögin sín, af þeim nærri 90 sem hann samdi á þessum árum, og gaf yfirskriftina Sjö æskusöngvar. Lögin eru hrifandi fögur í einfaldleika sínum og má greina áhrif bæði frá Debussy og Richard Strauss.

Fiðlustjarna í toppformi



Hilary Hahn

FIMMTUDAGUR 09.02.12
19:30

Claude Vivier: *Orion*

W.A. Mozart: *Fiðlukonsert nr. 4*

Dmitrij Sjostakovitsj: *Sinfónía nr. 11*

Peter Oundjian hljómsveitarstjóri

Hilary Hahn einleikari

HILARY SNÝR AFTUR

Hilary Hahn sló rækilega í gegn þegar hún lék með Sinfóníuhljómsveitinni í fyrra og lét strax í ljós ósk sína að koma aftur til landsins og leika í Hörpu. Bandaríska fiðlustjarnan er á fóstum samningi hjá Deutsche Grammophon, hefur hlotið Grammy-verðlaun fyrir hljómdiska sína og tímaritið Gramophone valdi hana tónlistarmann ársins 2009. Hún hefur leikið hinn sólríka fiðlukonsert Mozarts víða um heim við frábærar undirtektir.

Peter Oundjian lærði á fiðlu hjá Itzhak Perlman við Juilliard-tónlistarskólann og var fyrsti fiðluleikari Tókýó-strengjakvartettsins um fjórtán ára skeið. Hann hefur verið aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitarinnar í Toronto síðan 2004 og þykir hafa gjörbreytt þeirri sveit til hins betra með músíkalskri túlkun sinni. Nýverið bættist enn ein rósín í hnappagat Oundjians, því hann var ráðinn aðalstjórnandi Skosku þjóðarhljómsveitarinnar.

Kanadíska tónskáldið Claude Vivier lærði undir handarjaðri Stockhausens og þótti eitt efnilegasta tónskáld sinnar kynslóðar þegar hann var myrtur á hrottafenginn hátt árið 1983. Hann samdi *Orion* árið 1979 sem upphitun fyrir sitt stærsta verk, óperuna *Kopernikus*. Tónlistin er einkar litskrúðug og athyglisverð enda leitaði Vivier víða fanga og sótti innblástur bæði í stjörnufræðina og kvikmyndir Ingmars Bergman.

Hin magnþrungna *sinfónía nr. 11* eftir Sjostakovitsj hefur verið kölluð „kvikmyndatónlist án kvikmyndarinnar“. Hún lýsir því þegar Rússakeisari sigaði hermönnum sínum á mótmælendur í Sankti Pétursborg árið 1905, en þótt tónlistin vísi í sögulega atburði sagði Sjostakovitsj að verkið fjallaði í raun um efni sem stæði samtímanum nærri. „Hún er um fólkið sem hættir að trú á hið góða, vegna þess að bikar hins illa er barmafullur.“

Kvikmyndatónlist

Howards Shore



FIMMTUDAGUR 16.02.12
20:00

FÖSTUDAGUR 17.02.12
20:00

Howard Shore: *Lord of the Rings Symphony*

Ludwig Wicki hljómsveitarstjóri
Kaitlyn Lusk einsöngvari
Hljómeyki, Kór Áskirkju,
Söngsveitin Fílharmónía,
Stúlnakór Reykjavíkur
Margrét Pálmadóttir,
Magnús Ragnarsson kórstjórar

HRINGADRÓTTINSSINFÓNÍAN

Hringadróttinssaga J.R.R. Tolkiens er önnur mest selda bók heims. Kvikmyndir Peters Jackson eru meðal þeirra metnaðarfullstu sem gerðar hafa verið og slógu hvert aðsóknarmetið á fætur öðru við upphaf 21. aldarinnar. Tónskáldið Howard Shore tónsetti myndirnar þrjár og liggja eftir hann vel yfir 10 klukkustundir af tónlist fyrir þær. Hann vann til Óskarsverðlauna 2002 og 2004 fyrir framlag sitt til myndanna, auk Golden Globe-verðlauna og fjölda annarra viðurkenninga.

Shore nálgast efnið á sífónískan hátt og samdi m.a. fjölda stefja sem tengjast ákveðnum persónum, stöðum eða hlutum í sögunni. Í myndinni var tónlistin flutt af Fílharmóníuhljómsveit Lundúna, en undanfarin ár hefur tónleikaútgáfa verksins farið sigurför um heiminn og slegið aðsóknarmet hjá ýmsum hljómsveitum. Þetta verða stórglæsilegir tónleikar þar sem meðal annars koma fram einsöngvarar, fjórir kórar og

fjöldi óvenjulegra hljóðfæra, auk þess sem myndefni sem tengist kvikmyndunum og sögu Tolkiens verður varpað á tjald í Eldborg.

Svissneska tónskáldið Ludwig Wicki var áður prófessor við Tónlistarháskólann í Luzern en frá því að hann stjórnaði frumflutningi á Hringadróttinssinfóníunni árið 2008 hefur hann nær eingöngu ferðast um heiminn og stýrt þessu stórvirki, m.a. í London, New York og víðar.

Rauðhærða sópranstjarnan Simone Kermes



Antonio Vivaldi



Simone Kermes

FIMMTUDAGUR 23.02.12
19:30

Arcangelo Corelli: *Concerto grosso op. 6 nr. 4*

G.F. Händel: *aríur úr Giulio Cesare og Lotario*

Antonio Vivaldi: *aríur úr Griselda og L'Olimpiade*

Antonio Vivaldi: *fiðlukonsertar í D-dúr og e-moll*

Enrico Casazza hljómsveitarstjóri og einleikari

Simone Kermes einsöngvari

ÆFTIRLÆTIS BAROKK

Þýska sópransöngkonan Simone Kermes er einstök í sinni röð. Vald hennar á röddinni er með eindæmum, jafnt í ljóðrænum söng sem hröðustu tónarunum, og hún syngur með þvítíkri innlifun að leitun er að öðru eins. Hún hefur sungið aríur eftir m.a. Händel og Vivaldi inn á tvo verðlaunadiska hjá Sony Classical sem hafa sópað að sér viðurkenningum, meðal annars Echo-, Midem- og Choc de la Musique-verðlaununum, auk þess sem nýjasti diskur hennar var valinn diskur mánaðarins hjá tímaritinu Gramophone. Kermes hlaut fyrstu verðlaun í Bach-keppninni í Leipzig árið 1996 og hefur síðan sungið í öllum helstu óperu- og tónleikahúsum heims við mikinn fögnuð.

Á efnisskrána hefur Kermes valið glæsilegar aríur úr óperum eftir Händel og Vivaldi sem henta rödd hennar fullkomlega. Þeirra á meðal má nefna aríu Vivaldis, *Agitata de due venti* úr óperunni *Griselda*, en innlifaður

flutningur Kermes á einmitt þessari aríu hefur slegið í gegn á vefsvæðinu YouTube þar sem tugþúsundir hafa fylgst með henni fara á kostum. Á milli atriða leikur Sinfónían nokkra konserta barokktímans, m.a. eftir Vivaldi, og þar er af nógu að taka enda samdi „rauði presturinn“ yfir 500 einleikskonserta og af þeim eru um 230 fyrir fiðlu.

Ítalski fiðluleikarinn Enrico Casazza leiðir Sinfóníuna að þessu sinni auk þess sem hann leikur einleik í tveimur konsertum Vivaldis. Casazza er einn fremsti barokkfiðluleikari Ítalíu og hefur leikið um árabíl með fremstu barokksveit heimalands síns, L'Europa Galante undir stjórn Fabio Biondi. Hann á að baki langt samstarf við barokksöngvara á borð við Andreas Scholl og Ian Bostridge, auk þess sem hann mundar fiðluna á báðum verðlaunadiskum Simone Kermes.

Nútímahátíð 1.-3. mars 2012

Nýr aðalstjórnandi Sinfóníunnar, Ilan Volkov, er mikill áhugamaður um nýja tónlist og hefur hlotið mikið lof fyrir störf sín á þeim vettvangi. Hann mun stýra nýrri árlegri tónlistarhátíð í Reykjavík sem verður helguð nýrri tónlist, bæði innlendri og erlendri, í samstarfi við tónlistarmenn úr ýmsum áttum. Þessi hátíð er spennandi viðbót við fjölbreytta tónleikaflöru landsins og hafa áform Volkovs þegar vakið athygli utan landsteinanna.

Tveir frumkvöðlar í tónsköpun 20. aldar eru í forgrunni fyrstu hátíðarinnar: John Cage og Magnús Blöndal Jóhannsson. Báðir mörkuðu spor á sínu sviði: Cage fann upp „breytt píanó“, gældi við þögnina í verkum á borð við 4'33'', og gaf flytjendum meira frelsi í flutningi tónlistar sinnar en áður hafði tíðkast. Magnús Blöndal starfaði við frumstæð skilyrði á Íslandi en samdi eigi að síður fjölmargar tónsmíðar sem nú teljast til meistaraverka, bæði elektrónísk verk, einleiks-, kammer- og hljómsveitarverk sem því miður heyrast allt of sjaldan. Hátíðin verður einstakt tækifæri til að kynna sér ævistarf þessa brautryðjanda í íslenskri tónlistarsögu.

Breski píanóleikarinn John Tilbury er talinn einn fremsti túlkandi á nýrri tónlist, m.a. eftir Morton Feldman og John Cage. Hann starfaði einnig náið með tónskáldinu Cornelius Cardew á sjöunda áratugnum og hefur ritað ævisögu hans. Tilbury leikur meðal annars Konsert fyrir píanó og kammersveit eftir Cage, sem er hrifandi verk frá því snemma á ferli tónskáldsins. Hvert hljóðfæri leikur eftir sinni eigin tímatöflu og útkomunni hefur verið lýst sem „músíkölsku fiskabúri“ þar sem hver syndir eftir sínu höfði. Sjálfur sagði Cage um konsertinn: „Ég vildi aðeins vera samkvæmur sjálfum mér í því að sýna að ég þyrfti ekki að vera samkvæmur sjálfum mér.“

Tónskáldið og hljóðfæraleikarinn Oren Ambarchi er ættaður frá Írak en fæddur í Ástralíu. Tónlist hans er í senn tímalaus í anda Feldmans og Alvins Lucier, og hrá í anda rokksins, sameinar elektróník, naumhyggju, kyrrláta lagasmíði og frumlegan spuna. The Wire kallar verk hans „tilraunastofu fyrir hljóðkönnuði“ og hann hefur komið fram með tónlistarmönnum á borð við John Zorn, Pimmon, Keith Rowe og Evan Parker.

Fimmtudagur 01.03.12

- Dagur tileinkaður John Cage í tilefni þess að í september 2012 er öld liðin frá fæðingu hans
- Sinfóníutónleikar með Ilan Volkov og John Tilbury
 - Tónlist m.a. eftir John Cage og Cornelius Cardew
 - Tónleikar Oren Ambarchi með Sinfóníuhljómsveit Íslands
 - Dúó-tónleikar, Oren Ambarchi og John Tilbury

Föstudagur 02.03.12

- Magnús Blöndal Jóhannsson og arfleifð hans.
- Portrett-tónleikar í Kaldalóni með einleiks- og kammersveitum Magnúsar Blöndal
 - Sinfóníutónleikar: Íslensk hljómsveitarverk
 - Fyrstu elektrónísku tónsmíðarnar og ný rafverk ungra íslenskra tónskálda

Laugardagur 03.03.12

- Í nýjar áttir
- Spunatónleikar með Sinfóníuhljómsveit Íslands og John Tilbury
 - Sinfóníutónleikar með Ilan Volkov
 - Tónlist m.a. eftir Gérard Grisey og frumflutningur á nýju verki eftir Frank Denyer
 - Einleikstónleikar, Oren Ambarchi

Dagskráin verður kynnt nánar í janúar 2012.

Snillingurinn frá Salzburg



Wolfgang Amadeus Mozart



Miah Persson

FIMMTUDAGUR 15.03.12
19:30

W.A. Mozart: *Sinfonia concertante*

W.A. Mozart: *Messa í c-moll*

Paul McCreesh hljómsveitarstjóri
Elfa Rún Kristinsdóttir,
Lise Berthaud einleikarar
Miah Persson, Lisa Milne, Andrew Staples, Ágúst Ólafsson einsöngvarar
Mótettukór Hallgrímskirkju
Hörður Áskelsson kórstjóri

MOZART-VEISLA

Breski stjórnandinn Paul McCreesh hefur um árabíl verið í fremstu röð þeirra sem sérhæfa sig í tónlist barokks og klassíkur. Tímaritið Classic CD nefndi hann meðal 100 merkustu stjórnenda 20. aldarinnar og hann vakti mikla hrifningu hljómsveitar og áheyrenda þegar hann stjórnaði Sköpuninni eftir Haydn á tónleikum Sinfóníunnar vorið 2009.

Nú snýr McCreesh aftur til Íslands með Mozart-veislu í farteskinu. Messan í c-moll var stærsta tónsmíð Mozarts fyrir kór og hljómsveit, að undanskilinni sálumessunni sem hann náði ekki að ljúka við fyrir andlát sitt. Messan er raunar einnig ófullgerð, en Mozart samdi hana í Vínaþborg á árunum 1782–83, þegar hann var á hátindi ferils síns. Unnusta hans, Konstanze Weber, hafði nýverið náð bata eftir erfið veikindi og Mozart samdi verkið sem þakklætisvott til almættisins

fyrir að hafa gefið henni bata. Því kemur ekki á óvart að glæsilegur sópraneinsöngur einkenni verkið, enda eru þættir á borð við ariuna „Et incarnatus“ með því guddómlegasta sem Mozart festi á blað.

Það mun óhætt að segja að annað eins einvalalið einsöngvara og einleikara hafi sjaldan sést á tónleikum hérlendis. Sænska sópransöngkonan Miah Persson hefur farið sigurför um heiminn undanfarin ár og hefur sungið í öllum helstu óperuhúsum heims: Covent Garden, Metropolitan, Staatsoper í Berlín, og á hátíðunum í Salzburg, Glyndebourne og Aix-en-Provence. Tær og fögur rödd hennar fer sérlega vel í tónlist Mozarts, enda valdi John Eliot Gardiner hana til að syngja einsöng þegar hann stjórnaði verkinu við mikinn fögnuð á Nóbelsónleikumum í Stokkhólmi í desember 2008.



Lise Berthaud

Elfa Rún Kristinsdóttir

Skoska sópransöngkonan Lisa Milne hefur komið fram með mörgum fremstu hljómsveitarstjórum heims, m.a. James Levine í Boston, Simon Rattle í Berlín og Iván Fischer í Búdapest, auk þess sem hún hefur sungið í Brúðkaupi Fígarós og Töfraflautunni bæði við Metropolitan- og Glyndebourne-óperuna.

Andrew Staples hóf söngferil sinn sem drengjasópran í kór Pálskirkjunnar í Lundúnum, en stundaði síðan nám við Royal College of Music og hefur komið fram á tónleikum með John Eliot Gardiner og Monteverdi-kórnum, og hefur sungið einsöng með Berlínarfílharmóníunni undir stjórn Simon Rattle.

Ágúst Ólafsson hefur hlotið verðskuldaða athygli fyrir fágaðan og hrífandi söng, og er þess skemmt að minnst að hann hlaut

Íslensku tónlistarverðlaunin í flokknum Tónlistarflytjandi ársins fyrir túlkun sína á öllum ljóðaflokkum Schuberts á Listahátíð í Reykjavík 2010.

Sinfonia Concertante fyrir fiðlu, víólu og hljómsveit er meðal þess besta sem Mozart samdi fyrir einleiksstrengi og í raun einstakt verk í sinni röð. Hér hljómar það í flutningi tveggja úrvalsspilara. Elfa Rún Kristinsdóttir var tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna fyrir glæsilegan flutning sinn á Árstíðum Vivaldis og Piazzollas með Sinfóníuhljómsveit Íslands árið 2010, en kemur nú fram með hljómsveitinni í Hörpu í fyrsta sinn. Franski víóluleikarinn Lise Berthaud er aðeins 26 ára gömul en hefur verið í sviðsljósinu í rúman áratug, eða frá því hún bar sigur úr bítum í Evrópukeppni ungra einleikara árið 2000.

Fígaró, Júpíter og leikandi lýrik

GRÆN TÓNLEIKARÖÐ



Bernard Labadie



Mihaela Ursuleasa

FÖSTUDAGUR 30.03.12
19:30

W.A. Mozart: *Brúðkaup Fígarós, forleikur*

W.A. Mozart: *Píanókonsert nr. 21 í C- dúr*

W.A. Mozart: *Sinfónía nr. 41, Júpíter*

Bernard Labadie hljómstjóri
Mihaela Ursuleasa einleikari

UPPÁHALDS MOZART

Rúmenski píanóleikarinn Mihaela Ursuleasa var aðeins sextán ára gömul þegar hún bar sigur úr bytum í Clóru Haskil-keppninni, og síðan hefur vegur hennar vaxið með hverju árinu. Nýlega debúteraði hún m.a. í Carnegie Hall og Concertgebouw, og í fyrra hlaut fyrsti hljómdiskur hennar hin virtu ECHO-verðlaun sem einleiksdiskur ársins. Leikandi létt spilamennska hennar þykir henta tónlist Mozarts fullkomlega.

Konsertinn í C-dúr K. 467 er með þeim allra vinsælustu, saminn árið 1785 þegar Mozart var á hátindi frægðar sinnar og hélt hverja glæsítónleikana á fætur öðrum handa músíkþyrstum Vínarbúum. Ægifagur hægi kaflinn var meðal annars notaður í kvikmyndinni Elvira Madigan, en ytri þættirnir einkennast af gáska og fjöri.

Júpíter-sinfónían var sú síðasta sem Mozart samdi, sumarið 1789, þegar hann var skuldum

vafinn og ferill hans hafði náð botninum. Tónlistin ber þess engin merki, og sköpunargáfu tónskáldsins virðast engin mörk sett. Hápunktinum er náð í fjörugum lokakafla þar sem hvert eftirminnilegt stefið hljómar á fætur öðru, en síðan gerir Mozart hið ómögulega og lætur þau öll hljóma á sama tíma.

Bernard Labadie hefur sérhæft sig í tónlist barokk- og klassíska tímans með afbragðs árangri enda er hann einkar eftirsóttur af hljómstveitum um allan heim. Meðal þeirra hljómstveita sem hafa notið góðs af kunnáttu hans má nefna sínfóníuhljómstveitirnar í Boston, New York og Los Angeles. Annars er Labadie á heimavelli sem aðalstjórnandi kanadísku barokksveitarinnar Les Violons du Roy og hefur m.a. stýrt henni á Salzburgarhátíðinni og í Carnegie Hall.

Upp í sveit með Sinfóníunni



LAUGARDAGUR 28.04.12
14:00

ÚTI Í NÁTTÚRUNNI

Antonio Vivaldi: *úr Árstíðunum*
Nikolaj Rimsky-Korsakov: *Býflugan*
Johann Strauss: *Þrumur og eldingar*
Ludwig van Beethoven: *úr Sveitasinfóníunni*
Bedrich Smetana: *Moldá*

Bernharður Wilkinson hljómsveitarstjóri
Sif Tulinius einleikari
Halldóra Geirharðsdóttir kynnir

Hvað er yndislegra en að njóta þess að eiga góðan dag í fallettri náttúru? Jú, kannski að heyra dásamlega tónlist sem er innblásin af náttúrunni. Tónskáld á öllum tímum sögunnar hafa leitað í náttúruna þegar kom að því að semja tónlist, og á þessum tónleikum hljóma nokkur slík verk. Í Árstíðum Vivaldis heyrum við fuglasöng að vori og dramatíska sumarstorma, í Sveitasinfóníu Beethovens hljómar heilmikið þrumuveður og sama er upp á teningnum í annars fjögurum polka Johans Strauss.

Býfluga Rimskíj-Korsakovs er eflaust frægasta skordýr tónlistarsögunnar. Hún lætur sig ekki vanta á þessa tónleika, og flýgur suðandi um sal Eldborgar. Auk þess fylgjumst við með ánni Moldá flæða gegnum töfrandi landslag í vinsælu verki tékkneska tónskáldsins Smetana.

Einleikari í köflum úr Árstíðum Vivaldis er Sif Tulinius, 2. konsertmeistari Sinfóníunnar.

Finnsk-rússnesk veisla

GUL TÓNLEIKARÖÐ



Sigrún Eðvaldsdóttir

FIMMTUDAGUR 10.05.12
19:30

Dmitrij Sjostakovitsj: *Fiðlukonsert nr. 1*
Jean Sibelius: *Sinfónía nr. 2*

Pietari Inkinen hljómsveitarstjóri
Sigrún Eðvaldsdóttir einleikari

SIGRÚN SPILAR SJOSTAKOVITSJ

Finnski hljómsveitarstjórinn Pietari Inkinen vakti gríðarlega hrfingingu hljóðfæraleikara og tónleikagesta þegar hann stjórnaði SÍ í febrúar 2010 og var honum samstundis boðið að koma aftur til Íslands við fyrsta tækifæri. Hann var skipaður aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Nýja Sjálands árið 2008 og hafa hljóðritanir þeirra á símfóníum Sibelíusar fyrir Naxos-útgáfuna hlotið einróma lof gagnrýnenda. Tólkun Inkinens á 2. símfóníunni hlaut fjórar stjörnur í Financial Times nú í apríl og The Guardian sagði að diskurinn í heild væri „hreinasta gullnáma“.

Önnur símfónía Sibelíusar er sú vinsælasta af þeim sjö sem hann samdi, og ekki að ástæðulausu. Vorið 1900 dvaldi hann í Rapallo á Ítalíu þar sem hann töfraði fram glaðlega tóna símfóníunnar. „Ég er ástfanginn upp fyrir haus af nýja verkinu. Ég get hreinlega ekki rífið mig frá því!“ skrifaði hann vini sínum niðursokkinn í tónsmíðarnar.

Sigrúnu Eðvaldsdóttur er varla þörf á að kynna fyrir íslenskum hlustendum. Hún hefur fyrir löngu spilað sig inn í hjörtu landsmanna með tilfinningaþrunginni túlkun. Hún hefur meðal annars hlotið Bjartsýnisverðlaun Bröste og vann til bronsverðlauna í Sibelíusarfiðlukeppninni 1990 og silfurverðlauna í Carl Flesch-keppninni tveimur árum síðar.

Fyrri fiðlukonsert Sjostakovitsj er eitt hans áhrifamesta verk, og einn glæsilegasti fiðlukonsert 20. aldarinnar. Þó varð hann til á einhverjum erfiðasta tímanum á ferli tónskáldsins. Árið 1948 var Sjostakovitsj úthúðað á tónskáldþingi og nokkur lykilverk hans bönnuð. Hann var með fiðlukonsert í smíðum handa David Oistrakh en vissi sem var að innihaldið myndi ekki falla yfirvöldum í geð. Konsertinn beið í skúffunni þar til Stalín lést sjö árum síðar, en þykir nú eitt áhrifamesta verk meistarans.

Nýtt ævintýri um Maxímús



LAUGARDAGUR 19.05.12
14:00

Alexander Glazunov: *Veturinn*
Pjotr Tsjajkovskij: *úr Þyrnirós*
Maurice Ravel: *Gæsamömmusvíta*
Jórunn Viðar: *Eldur*

Bernharður Wilkinson hljóm sveitarstjóri
Nemendur úr Listdanskóla Íslands
Valur Freyr Einarsson sögumaður

MAXÍMÚS MÚSÍKÚS BJARGAR BALLETTINUM

Hallfríður Ólafsdóttir flautuleikari og Þórarinn Már Baldursson víóluleikari hafa skrifað þriðja ævintýrið um Maxímús Músíkús, enda nýtur litla músík músin fádæma vinsælda meðal yngstu kynslóðarinnar.

Í nýja ævintýrinu um Maxa kynnist Maxímús Músíkús börnum sem hafa yndi af því að dansa við tónlist. Hann verður himinlifandi þegar tónlistarhúsið fyllist af ungum dönsurum því að honum finnst líka svo gaman að dilla sér í takt við tónlistina. Maxímús Músíkús dáist að færni ungu dansaranna og ákveður að kanna málið. Hann gerist laumufarþegi með einu barnanna og fylgist heillaður með dansæfingum nemendanna í listdanskólanum og því hvernig tónlistin er túlkuð í hreyfingum.

Börnin dansa við balletttónlist eins og Veturinn eftir Glazunov og Þyrnirós Tsjajkovskíjs og túlka með hreyfingum ævintýri á borð við Tuma Pumal, Friðu og dýrið, Kínversku prinsessuna og Ævintýragarðinn í Gæsamömmusvítu Ravels. Sýningunni lýkur með Eldi eftir Jórunni Viðar sem var eitt fyrsta íslenska tónverkið sem samið var fyrir listdans.



„Rómeó, Rómeó, hví ertu Rómeó?“



Nicolas Cavallier



Sveinn Dúa Hjörleifsson

FÖSTUDAGUR 25.05.12
19:30

Hector Berlioz: *Rómeó og Júlía*

Ilan Volkov hljómsveitarstjóri
Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir,
Sveinn Dúa Hjörleifsson,
Nicolas Cavallier einsöngvarar
Hljómeyki, Kór Áskirkju,
Söngsveitin Fílharmónía
Magnús Ragnarsson kórstjóri



Listahátíð í Reykjavík
Reykjavík Arts Festival

RÓMEÓ OG JÚLÍA

Fjöldi ógleymanlegra tónverka hefur orðið til undir áhrifum af harmleikjum Shakespeares. Eitt hið stærsta og óvenjulegasta er Rómeó og Júlía eftir franska meistarann Hector Berlioz, sem hann kallaði „dramatíska sínfóníu“. Hér er sínfóníuformið teygt í ýmsar áttir svo úr verður eins konar bræðingur hljómsveitarverks og óperu. Helstu þættir verksins eru sungnir af mezzósópran, tenór og bassa, auk þess sem Berlioz notar stóran kór í verkinu. Eitt það sem gerir nálgun tónskáldsins svo óvenjulega er þó að margir dramatískustu þættir sögunnar eru túlkaðir af hljómsveitinni eingöngu.

Rómeó og Júlía á tilurð sína að þakka ítalska fiðlusnillingnum Niccoló Paganini, sem féll á kné frammi fyrir Berlioz að loknum flutningi á víólukonserti þess síðarnefnda og fullyrti að hann væri hinn sanni arftaki Beethovens. Paganini var vel fjáður eftir tónleikaferðir um alla Evrópu og gaf tónskáldinu 20.000 franka sem þakklætisvott og til þess að hann fengi næði til að semja viðamikil hljómsveitarverk. „Hversu ákaft lifði ég meðan á tónsmíðunum stóð; af hvílkri áfergju sigldi ég yfir hið mikla haf ljóðlistarinnar, undir hlýjum geislum þeirrar elskandi sólar sem Shakespeare hafði tendrað“, skrifaði Berlioz fullur andagiftar



Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir

þegar tónsmíðinni var lokið. Þetta einstaklega frumlega og forvitnilega verk er nú flutt í fyrsta sinn á Íslandi.

Sveinn Dúa Hjörleifsson hefur stundað tónlistarnám í Víðarborg undanfarin ár og hefur vakið hrifningu fyrir silkimjúka tenór-rödd sína, m.a. í Töfraflautunni á fjölskyldu-tónleikum Sinfóníunnar síðastliðinn vetur. Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir hefur unnið til fjölda verðlauna fyrir söng sinn og var einn söngvaranna sem kynntir voru í þættinum Átta raddir í Ríkisútvarpinu fyrir skömmu.

Franski bassasöngvarinn Nicolas Cavallier fer með hlutverk Bróður Lárens í þessari uppfærslu. Hann hóf feril sinn sem Sarastro í Töfraflautunni við Glyndebourne-óperuna, en í heimalandi sínu hefur hann m.a. sungið titilhlutverkið í Brúðkaupi Figarós. Hann syngur barokktónlist með stjórnendum á borð við William Christie og Marc Minkowski, og kemur beint til Íslands eftir að hafa sungið í Rómeó og Júlíu við Bastilluóperuna í París.

Sveitasinfónía Beethovens



FÖSTUDAGUR 01.06.12
19:30

Ludwig van Beethoven: *Sinfónía nr. 6*
Ludwig van Beethoven: *Sinfónía nr. 7*

Hannu Lintu hljómsveitarstjóri

BEETHOVEN-HRINGURINN III

Á þriðju tónleikunum í Beethoven-hring Sinfóníunnar hljóma tvær sérlega vinsælar og aðgengilegar sinfóníur meistarans. Beethoven var ákafur náttúruunnandi og kundi hvergi betur við sig en uppi í sveit með skissubók og blýant í hendi.

Eftir að hafa samið hina hádramatísku fimmtu sinfóníu venti hann kvæði sínu í kross og samdi Sveitasinfóníuna, sem hann gaf undirtítilinn „Minningar um sveitalífið“. Fuglakvak, glæðværir sveitadansar, ógnvænlegt þrumuveður og ljúfir hjarðsöngvar eru meðal þess sem heyrast í sinfóníunni sem er vafalaust vinsælasta náttúrumúsík sögunnar að Árstíðum Vivaldis undanskildum.

Sjöunda sinfónía Beethovens er einhver glæðværa og fjörugasta tónlist sem meistarinn festi á blað. Richard Wagner, sem dáði Beethoven öðrum tónskáldum frammar, sagði að tónlistin væri eins og „dans í sinni fullkomnustu mynd“ enda einkennist verkið af rytmískri spennu í bland við léttar og leikandi laglínur. Þekktastur er án efa hægi kaflinn, sem oft hefur hljómað í kvikmyndum, meðal annars undir hápunkti myndarinnar *The King's Speech* þar sem Georg VI Bretlandskonungur ávarpaði þjóð sína við upphaf heimsstyrjaldarinnar síðari.

Óðurinn til gleðinnar

Ludwig van Beethoven

FIMMTUDAGUR 07.06.12
19:30

Ludwig van Beethoven: Sinfónía nr. 8
Ludwig van Beethoven: Sinfónía nr. 9,
Óðurinn til gleðinnar

Hannu Lintu hljómsveitarstjóri
Hulda Björk Gardarsdóttir,
Nathalia Druzín Halldórsdóttir,
Andrew Kennedy,
Ágúst Ólafsson einsöngvarar
Mótettukór Hallgrímskirkju
Hörður Áskelsson kórstjóri

BEETHOVEN-HRINGURINN IV

Sinfóníuhljómsveitin lokar Beethoven-hringnum með tveimur síðustu sinfóníum meistarans, sem báðar eru meistaraverk hvor á sinn hátt. Sú áttunda er smærri í sniðum, kraftmikil en býr einnig yfir ljóðrænni mýkt. Níunda sinfónían er eitt frægasta og áhrifamesta verk sígildrar tónlistar hvernig sem á það er litið.

Páll Ísólffson komst þannig að orði í grein sinni um Beethoven frá árinu 1938: „Gleði og bræðralagi hefur aldrei verið sungið eins fagurlega lof og í 9. hljómkviðunni. Þess vegna er hún svo oft leikin við ýmis tímamót víðs vegar um heim. Því hvort heldur hún er leikin í Þýskalandi, Frakklandi, Englandi, Rússlandi: alls staðar snerta þessir tónar mannleg hjörту, og fylla þau fögnuði vonarinnar um bætt kjör og betri örlög manna.“

Flutningur Níundu sinfóníunnar að þessu sinni er tileinkaður aldarminningu dr. Róberts Abrahams Ottóssonar, sem fæddist í Berlín þann 17. maí 1912 en fluttist til Íslands árið 1935 þegar nasistar höfðu gert gyðingum óbærilegt að starfa í Þýskalandi. Hér vann hann margs konar sígra, ritaði merka doktors-ritgerð um Þorlákstíðir, stofnaði Söngsveitina Fílharmóníu og stýrði Sinfóníuhljómsveit Íslands á yfir 70 tónleikum. Í febrúar 1966 stjórnaði Róbert fyrsta flutningi Níundu sinfóníunnar á Íslandi, en þá var hún flutt fimm sinnum fyrir fullu Háskólabíói og var gjarnan tekið svo til orða, að fólk hefði „séð“ þá Níundu.

Christine Schäfer

Sungið af hátindinum

FIMMTUDAGUR 14.06.12
19:30

Jón Nordal: *Adagio*

Alban Berg: *Altenberg-Lieder*

W.A. Mozart: *Non mi dir (úr Don Giovanni)*

W.A. Mozart: *Misera, dove son, K. 369*

Franz Schubert: *Ófullgerða sínfónían*

Ilan Volkov hljómsveitarstjóri

Christine Schäfer einsöngvari

MOZART OG SCHÄFER

Christine Schäfer er ein dádasta sópran-söngkona Þýskalands. Í meira en áratug hefur hún sungið í öllum helstu óperuhúsum heims; hefur m.a. sungið öll stóru Mozart-hlutverkin á Salzburgar-hátíðinni, og nýverið söng hún hlutverk Sophie í Rosenkavalier í Metropolitan-óperunni þar sem hún þurfti að verjast ágengni Kristins Sigmundssonar í hlutverki Ochs baróns. Hún hlaut Gramophone-verðlaunin fyrir hljómdisk sinn með sönglögum Schumanns, og meðal nýjustu diska hennar eru aríur Bachs fyrir Deutsche Grammophon, þar sem hún kemur fram ásamt Hilary Hahn. Meðal nýlegra sagra hennar á óperusviðinu eru hlutverk Víolettu

í La Traviata við Garnier-óperuna í París, og Konstansa í Brottnáminu úr kvennabúrinu við Berlínaróperuna.

Á næstu mánuðum mun Schäfer m.a. syngja Mahler með Fílharmoníuhljómsveit Berlínar og Brahms í Los Angeles undir stjórn Gustavos Dudamel, en á fyrstu tónleika sína á Íslandi hefur hún valið aríur eftir Mozart, meðal annars hina yndisfögru aríu Donnu Önnu úr óperunni Don Giovanni. Þá mun hún einnig flytja stórmerkan lagaflokk Albans Berg við ljóð eftir Peter Altenberg, sem aldrei fyrr hefur hljómað hér á landi.



Christine Schäfer

Auk þess hljóma á tónleikunum tvö hljómsveitarverk. Adagio eftir Jón Nordal var frumflutt á Sinfóníutónleikum árið 1966 og hefur allar götur síðan þótt eitt hans allra besta verk: fágað, ljóðrænt og heilsteypt. Það er auk þess í upphaldi hjá nýjum aðalstjórnanda Sinfóníuhljómsveitarinnar sem óskaði sérstaklega eftir því að fá að stjórna því á fyrsta ári sínu við stjórnvölinn.

Ófullgerða símfónía Schuberts er síðan lokapunkturinn aftan við starfsár hljómsveitarinnar að þessu sinni. Það hefur vakið furðu margra í gegnum tíðina að þessi stórkostlega tónsmíð, sem þó er aðeins í tveimur þáttum en ekki fjórum eins og almennt tíðkaðist með símfóníur á 19. öld,

skuli aldrei hafa hljómað meðan Schubert sjálfur lifði. Það var ekki fyrr en árið 1865, heilum 37 árum eftir að tónskáldið féll frá, sem tónlistarmenn í Víðnarborg létu svo lítið að frumflytja hana, enda naut Schubert fremur lítillar virðingar meðan hann sjálfur lifði. Ráðgátan um hvers vegna – eða jafnvel hvort – símfónían er „ófullgerð“ hefur aldrei verið leyst, enda skiptir það kannski ekki öllu máli. Ófullgerða símfónían er „ólík allri annarri tónlist sem áður hafði heyrst“, sagði tónlistargagnrýnandinn Michael Steinberg, og enn í dag tekst henni að lyfta hlustendum upp í æðra veldi með töfrum sínum.

Gulur, rauður, grænn,
blár og fjólublár





Gula röðin

GULA RÖÐIN ER AFBRAGÐSKOSTUR FYRIR ÞÁ SEM VILJA HEYRA FJÖLBREYTILEGA KLASSÍSKA TÓNLIST.

Fim. 22.09.11 » 19:30 bls. 22

TÖFRASPROTINN

W.A. Mozart: *Sinfónía nr. 39*

Jean Sibelius: *Tapiola*

Leoš Janáček: *Sinfónietta*

Gennadíj Rosdestvenskíj hljómveitarstjóri

Fim. 10.11.11 » 19:30 bls. 33

ÁSKELL OG MAHLER

Áskell Másson: *Hornkonsert*

Gustav Mahler: *Sinfónía nr. 9*

Petri Sakari hljómveitarstjóri

Jósef Ognibene einleikari

Fös. 09.12.11 » 19:30 bls. 39

BEETHOVEN-HRINGURINN II

Ludwig van Beethoven: *Sinfónía nr. 4*

og *Sinfónía nr. 5, Örlagasinfónían*

Hannu Lintu hljómveitarstjóri

Fim. 02.02.12 » 19:30 bls. 49

OSMO STJÓRNAR MAHLER

Alban Berg: *Sieben frühe Lieder*

Gustav Mahler: *Sinfónía nr. 6*

Osmo Vänskä hljómveitarstjóri

Helena Juntunen einsöngvari

Fim. 10.05.12 » 19:30 bls. 58

SIGRÚN SPILAR SJOSTAKOVITSJ

Dmitrij Sjostakovitsj: *Fíðlukonsert nr. 1*

Jean Sibelius: *Sinfónía nr. 2*

Pietari Inkinen hljómveitarstjóri

Sigrún Eðvaldsdóttir einleikari

Fös. 01.06.12 » 19:30 bls. 62

BEETHOVEN-HRINGURINN III

Ludwig van Beethoven:

Sinfónía nr. 6, Sveitasinfónían

og *Sinfónía nr. 7*

Hannu Lintu hljómveitarstjóri

Fim. 14.06.12 » 19:30 bls. 64

MOZART OG SCHÄFER

Jón Nordal: *Adagio*

Alban Berg: *Altenberg-Lieder*

W.A. Mozart: *Non mi dir, úr Don Giovanni*

og *Misera, dove son, K. 369*

Franz Schubert: *Ófullgerða sinfónían*

Ilan Volkov hljómveitarstjóri

Christine Schäfer einsöngvari

Rauða röðin

FYRIR ÞÁ SEM VILJA HLUSTA Á STÓRA SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT Í ÖLLU SÍNU VELDI LEIKA KRÖFTUGA OG ÁHRIFAMIKLA TÓNLIST.

Fim. 15.09.11 » 19:30 bls. 24

RÚSSNESK VEISLA

Pjotr Tsjajkovskij: *Píanókonsert nr. 2*

Sergei Rakhmaninoff: *Sinfónískir dansar*

Gennadíj Rosdestvenskíj hljómveitarstjóri

Viktoria Postnikova einleikari

Fim. 29.09.11 » 19:30 bls. 23

MELKORKA OG MAHLER

Toru Takemitsu:

I Hear the Water Dreaming og Air

Gustav Mahler: *Sinfónía nr. 7*

Ilan Volkov hljómveitarstjóri

Melkorka Ólafsdóttir einleikari

Fim. 24.11.11 » 19:30 bls. 34

Í FJARLÆGUM HEIMI

Anna Þorvaldsdóttir: *Aeriality*

Henri Dutilleux: *Tout un monde lointain...*

Johannes Brahms: *Sinfónía nr. 4*

Ilan Volkov hljómveitarstjóri

Sæunn Þorsteinsdóttir einleikari

Mið. 07.12.11 » 19:30 bls. 38

BEETHOVEN-HRINGURINN I

Ludwig van Beethoven:

Sinfónía nr. 1, Sinfónía nr. 2

og Sinfónía nr. 3, Eroica

Hannu Lintu hljómveitarstjóri

Fim. 09.02.12 » 19:30 bls. 50

HILARY SNÝR AFTUR

Claude Vivier: *Orion*

W.A. Mozart: *Fiðlukonsert nr. 4*

Dmitríj Sjostakovítsj: *Sinfónía nr. 11*

Peter Oundjian hljómveitarstjóri

Hilary Hahn einleikari

Fim. 15.03.12 » 19:30 bls. 54

MOZART-VEISLA

W.A. Mozart:

Sinfonia concertante og Messa í c-moll

Paul McCreech hljómveitarstjóri

Elfa Rún Kristinsdóttir

Lise Berthaud einleikarar

Miah Persson, Lisa Milne,

Andrew Staples, Ágúst Ólafsson

einsöngvarar

Mótettukór Hallgrímskirkju

Hörður Áskelsson kórstjóri

Fim. 07.06.12 » 19:30 bls. 63

BEETHOVEN-HRINGURINN IV

Ludwig van Beethoven: *Sinfónía nr. 8 og*

Sinfónía nr. 9, Óðurinn til gleðinnar

Hannu Lintu hljómveitarstjóri

Andrew Kennedy,

Hulda Björk Garðarsdóttir,

Nathalia Druzín Halldórsdóttir,

Ágúst Ólafsson einsöngvarar

Mótettukór Hallgrímskirkju

Hörður Áskelsson kórstjóri

Græna röðin

ÞEIR SEM HAFA GAMAN AF VINSÆLLI KLASSÍK AF LÉTTARA TAGINU ÆTTU AÐ KYNNA SÉR GRÆNU RÖÐINA.

Fim. 03.11.11 » 19:30 bls. 30

PLÁNETURNAR

Sergei Rakhmaninoff: *Píanókoncert nr. 2*

Gustav Holst: *Pláneturnar*

Rumon Gamba hljómsveitarstjóri

Denis Matsuev einleikari

Vox feminae

Margrét Pálmadóttir kórstjóri

Fös. 02.12.11 » 19:30 bls. 36

MESSÍAS - AÐVENTUTÓNLEIKAR

G.F. Händel: *Messías*

Matthew Halls hljómsveitarstjóri

Susan Gritton, Robin Blaze,

James Oxley, Matthew Brook einsöngvarar

Kór Áskirkju og Hljómeyki

Magnús Ragnarsson kórstjóri

Fim. 05.01.12 » 19:30 bls. 44

VÍNARTÓNLEIKAR

Lífleg og skemmtileg Vínartónlist úr ýmsum áttum, m.a. aríur úr Leðurblökunni eftir Johann Strauss og Dónárvalsinn sívinsæli.

Willy Büchler hljómsveitarstjóri

Sigrún Hjálmtýsdóttir einsöngvari

Fim. 23.02.12 » 19:30 bls. 52

EFTIRLÆTIS BAROKK

Arcangelo Corelli:

Concerto grosso op. 6 nr. 4

G.F. Händel: *Óperuaríur*

Antonio Vivaldi: *Óperuaríur*

Antonio Vivaldi: *Fíðlukonsertar í D-dúr og e-moll*

Enrico Casazza hljómsveitarstjóri

og einleikari

Simone Kermes einsöngvari

Fös. 30.03.12 » 19:30 bls. 56

UPPÁHALDS MOZART

W.A. Mozart: *Brúðkaup Fígarós, forleikur,*

Píanókoncert nr. 21 í C-dúr, K. 467

og Sinfónía nr. 41 í C-dúr (Júpíter)

Bernard Labadie hljómsveitarstjóri

Mihaela Ursuleasa einleikari

Litli Tónsprotinn

ÁSKRIFT AÐ SKEMMTUN FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA ÞAR SEM YNGSTU TÓNLISTARUNNENDURNIR FÁ TÆKIFÆRI TIL AÐ KYNNAST TÖFRUM TÓNLISTARINNAR.

Lau. 26.11.11 » 14:00 bls. 35

HLJÓMSVEITIN KYNNIR SIG

Reinhold Glière: úr *Hörpukonserti*

W.A. Mozart: úr *Hornkonserti nr. 4*

J.S. Bach: *Badinerie* úr *hljómsveitarsvítu nr. 2*

Lars-Erik Larsson: úr *Concertino*
fyrir kontrabassa

Carl Maria von Weber: úr *Concertino*
fyrir klarínnett

Pablo Sarasate: úr *Sígaunaljóðum*

Bernharður Wilkinson hljómsveitarstjóri

Trúðurinn Barbara kynnir

Katie Buckley, Hallfríður Ólafsdóttir,

Einar Jóhannesson, Jósef Ognibene,

Sigrún Eðvaldsdóttir, Hávarður

Tryggvason einleikarar

Lau. 17.12.11 » 14:00 bls. 40

JÓLATÓNLEIKAR

Leroy Anderson: *Jólaforleikur*

Pjotr Tsjaikovskij: *kaflar úr Hnotubrjótnum*

Darius Milhaud: *Brazileira*, úr *Scaramouche*

Camille Saint-Saëns: *Havanaise*

Vinsæl jólalög

Bernharður Wilkinson hljómsveitarstjóri

Trúðurinn Barbara kynnir

Sólveig Steinþórsdóttir,

Sölvi Kolbeinsson einleikarar

Kristjana Stefánsdóttir einsöngvari

Nemendur úr Listdansskóla Íslands

Skólakór Kársness

Þórunn Björnsdóttir kórstjóri

Lau. 28.04.12 » 14:00 bls. 57

ÚTI Í NÁTTÚRUNNI

Antonio Vivaldi: úr *Árstíðunum*

Nikolaj Rimsky-Korsakov: *Býflugan*

Johann Strauss: *Þrumur og eldingar*

Ludwig van Beethoven: úr *Sveitasinfónúnni*

Bedrich Smetana: *Moldá*

Bernharður Wilkinson hljómsveitarstjóri

Sif Tulinius einleikari

Halldóra Geirharðsdóttir kynnir

Lau. 19.05.12 » 14:00 bls. 59

MAXÍMÚS MÚSÍKÚS BJARGAR BALLETTINUM

Alexander Glazunov: *Veturinn*

Pjotr Tsjaikovskij: úr *Þyrnirós*

Maurice Ravel: *Gæsamömmusvíta*

Jórunn Viðar: *Eldur*

Bernharður Wilkinson hljómsveitarstjóri

Nemendur úr Listdansskóla Íslands

Valur Freyr Einarsson sögumaður



Ýmsir tónleikar

Fim. 08.09.11 » 19:30 bls. 20

UPPHAFSTÓNLEIKAR

Sergei Rakhmaninoff: *Píanókoncert nr. 3*

Dmítrij Sjostakovitsj: *Sinfónía nr. 5*

Vladimir Ashkenazy hljómveitarstjóri

Víkingur Heiðar Ólafsson einleikari

Fös. 30.09.11 » 18:30 bls. 24

NÁMSKEIÐ FYRIR HLJÓMSVEITARSTJÓRA

Johannes Brahms: *þættir úr sinfóníu nr. 1*

Ígor Stravinskij: *Petrúska, fyrri hluti*

Þrír ungir og efnilegir hljómveitarstjórar, tilnefndir af leiðandi tónlistarháskólum í Evrópu, stjórna Sinfóníuhljómsveitinni undir leiðsögn Ilans Volkov.

Fim. 06.10.11 » 19:30 bls. 25

NORRÆNIR MÚSÍKDAGAR

Uljas Pulkkis: *Crystallizations*

Perttu Haapanen: *Obsession Park*

Hendrik Strindberg: *Neptuni ákrar*

Einar Torfi Einarsson: *Repetition of Repetition*

Martyn Brabbins hljómveitarstjóri

Janne Rättyä einleikari

Sif Tulinius einleikari

Fim. 13.10.11 » 20:00 bls. 26

AIRWAVES

Valgeir Sigurðsson: *Draumalandið*

Daníel Bjarnason: *Processions, píanókoncert*

Daníel Bjarnason: *Birting*

Steve Reich: *Different Trains*

Daníel Bjarnason hljómveitarstjóri

Víkingur Heiðar Ólafsson einleikari

ICE (International Contemporary

Ensemble) strengjakvartett

Fim. 27.10.11 » 20:00 bls. 28

SINFÓNÍAN Í HOFI

Carl Maria von Weber:

Klarínnettukonsert nr. 2 í Es-dúr

Ludwig van Beethoven:

Sinfónía nr. 3 í Es-dúr, Eroica

Daníel Bjarnason hljómveitarstjóri

Einar Jóhannesson einleikari

Fös. 04.11.11 » 19:30 bls. 30

PLÁNETURNAR

Sergei Rakhmaninoff: *Píanókoncert nr. 2*

Gustav Holst: *Pláneturnar*

Rumon Gamba hljómveitarstjóri

Denis Matsuev einleikari

Vox feminae

Margrét Pálmadóttir kórstjóri

Sun. 06.11.11 » 14:00 bls. 32

UNGSVEIT SINFÓNÍUNNAR

Gustav Mahler: *Sinfónía nr. 5*

Baldur Brönniman hljómveitarstjóri

Um 100 íslenskir tónlistarnemar á aldrinum 12-25 ára flytja hina stórbrotnu fimmtu sinfóníu Gustavs Mahler.

Fös. 16.12.11 » 17:00 bls. 40

Lau. 17.12.11 » 17:00

JÓLATÓNLEIKAR

Leroy Anderson: *Jólaforleikur*

Pjotr Tsjajkovskij: *kaflar úr Hnotubrjótnum*

Darius Milhaud: *Brazileira, úr Scaramouche*

Camille Saint-Saëns: *Havanaise*

Vinsæl jólalög

Bernharður Wilkinson hljómveitarstjóri

Trúðurinn Barbara kynnir

Sólveig Steinþórsdóttir,

Sölvi Kolbeinsson einleikarar

Kristjana Stefánsdóttir einsöngvari

Nemendur úr Listdansskóla Íslands

Skólakór Kársness

Þórunn Björnsdóttir kórstjóri

Fös. 06.01.12 » 19:30 bls. 44

Lau. 07.01.12 » 17:00

VÍNARTÓNLEIKAR

Lífleg og skemmtileg Vínartónlist úr ýmsum áttum, m.a. aríur úr Leðurblökunni eftir Johann Strauss og Dónárvalsinn sívinsæli.

Willy Büchler hljómveitarstjóri

Sigrún Hjálmtýsdóttir einsöngvari

Fim. 12.01.12 » 19:30 bls. 45

UNGIR EINLEIKARAR

Bernharður Wilkinson hljómsveitarstjóri
Sigurveggarar úr einleikarakeppni SÍ og Listaháskóla Íslands einleikarar

Fim. 16.02.12 » 20:00 bls. 51

Fös. 17.02.12 » 20:00

HRINGADRÓTTINSSINFÓNÍAN

Howard Shore: Lord of the Rings Symphony

Ludwig Wicki hljómsveitarstjóri
Hljómeyki, Kór Áskirkju,
Söngsveitin Fílharmonía,
Stúlknakór Reykjavíkur
Magnús Ragnarsson,
Margrét Pálmadóttir kórstjórar

Fim. 19.01.12 » 20:00 bls. 46

Fös. 20.01.12 » 20:00

JAMES BOND-VEISLA

Carl Davis hljómsveitarstjóri

Valgerður Guðnadóttir,
Sigríður Thorlacius,
Eyþór Ingi Gunnlaugsson,
Sigríður Beinteinsdóttir,
Inga Stefánsdóttir,
Páll Óskar Hjálmtýsson einsöngvarar

Fim. 01.03.12 – Lau. 03.03.12 bls. 53

NÚTÍMAHÁTÍÐ

Ilan Volkov stýrir þriggja daga nútímahátíð í Hörpu. Meðal annars hljóma verk eftir John Cage og Morton Feldman, auk þess sem einn dagur verður tileinkaður verkum Magnúsar Blöndal Jóhannssonar, sem var einn mesti frumkvöðull nýrrar tónlistar á Íslandi á sjötta og sjöunda áratug síðustu aldar.

Fim. 26.01.12 » 19:30 bls. 47

MYRKIR MÚSÍKDAGAR

Giacinto Scelsi: Hymnos
Hugi Guðmundsson: Orkestrur
Atli Ingólfsson: Mani
Iannis Xenakis: Metastasis
Hans Abrahamsen: 10 sinfónúr
Ilan Volkov hljómsveitarstjóri


Fös. 25.05.12 » 19:30 bls. 60

RÓMEÓ OG JÚLÍA

Hector Berlioz: Rómeó og Júlía

Ilan Volkov hljómsveitarstjóri
Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir,
Sveinn Dúa Hjörleifsson,
Nicolas Cavallier einsöngvarar
Hljómeyki, Kór Áskirkju,
Söngsveitin Fílharmonía
Magnús Ragnarsson kórstjóri










Miðaverð og almennar upplýsingar



Miðasala

www.sinfonia.is / s: 528-5050

ALMENNT MIÐAVERÐ

Svæði	Almennt	Svæði	Tónsprotinn
 1	4.700 kr.	 1	2.000 kr.
 1+	6.500 kr.	 1+	2.000 kr.
 2	3.900 kr.	 2	1.700 kr.
 3	2.900 kr.	 3	1.700 kr.
 4	2.000 kr.		

ÁSKRIFTARKORT

Svæði	Rauð	Gul	Græn	Tónspr.
 1	26.320 kr.	26.320 kr.	18.800 kr.	6.400 kr.
 1+	36.400 kr.	36.400 kr.	26.000 kr.	6.400 kr.
 2	21.840 kr.	21.840 kr.	15.600 kr.	5.440 kr.

Athugið að almennt miðaverð gildir um flesta tónleika. Sí en þó er lægra miðaverð á fjölskyldutónleika, Norræna músíkdaga, Ungsveitina, Unga einleikara, Myrka músíkdaga og Airwaves. Hækkað miðaverð er á Vínartónleika og James Bond-veisluna. Sjá nánar á www.sinfonia.is. Efnisskrá er innifalin í miðaverði.

Regnbogakort

Hægt er að kaupa Regnbogakort með fernum tónleikum eða fleiri úr hvaða röð sem er eða utan raða. Regnbogakort veitir **20% afslátt**.

Afsláttur fyrir 25 ára og yngri

50% afsláttur er af Regnbogakortum í verðsvæði 2 og 3.

Áskriftarkort

Áskrift veitir þér **20% afslátt** af almennu miðaverði. Áskrifendur fá einnig 10% afslátt af viðbótarmiðum á alla tónleika. Ef keyptar eru tvær áskriftarraðir, t.d. Gul og Rauð, er veittur **25% afsláttur**. Ef keyptar eru þrjár raðir, Gul, Rauð og Græn, er veittur **30% afsláttur**.

Hópafsláttur

Veittur er 10% afsláttur fyrir 25-50 miða en 15% fyrir hópa stærri en 50.

Miðasala

Miðasala í anddyri Hörpu er opin alla daga 12-18 og fram að upphafi tónleika. Miða má kaupa á netinu á www.sinfonia.is, www.harpa.is og í síma 528 5050.

Bílastæði

Í kjallara Hörpu eru gjaldskyld bílastæði. Athugið að bílakjallaranum er lokað á miðnætti en er opnaður kl. 7 að morgni alla virka daga og kl. 10 um helgar.

Aðgengi fatlaðra

Sérstök sæti fyrir hreyfihamlaða eru á aðalgólfi og í stúku á 1. svölum.

Sinfónían á netinu

Við hvetjum alla til að skrá sig á póstlistann á www.sinfonia.is og fá reglulega sendar fréttir af tónleikum og tilboðum. Einnig er hægt að gerast vinur Sinfóníunnar á Facebook – facebook.com/sinfonia – og nálgast þannig fréttir af því sem er í farvatninu.

Efnisskrár tónleika eru birtar á vefnum tveimur dögum fyrir tónleika.

Tónleikaupptökur

Hægt er að nálgast upptökur frá tónleikum á ruv.is og sinfonia.is í fjórar vikur frá tónleikadegi.

Sala nýrra Regnbogakorta hefst 16. ágúst.

Almenn miðasala hefst 23. ágúst.

Athugið að miðaverð getur verið breytilegt á einstaka tónleika. Tilhögun tónleika, miðaverð og annað sem greint er frá í þessum bæklingi kann að breytast án fyrirvara.





Sinfóníuhljómsveit Íslands 2011 / 12
Sinfóníuhljómsveit Íslands
Harpa, Austurbakka 2, 101 Reykjavík
Sími 545 2500
www.sinfonia.is

Útgefandi: Sinfóníuhljómsveit Íslands, júlí 2011
Ritstjóri: Margrét Ragnarsdóttir
Texti: Árni Heimir Ingólfsson
Hönnun og umbrot: Jónsson & Le'macks
Ljósmyndir: Ari Magg, Hörður Sveinsson,
Bára Kristinsdóttir o.fl.
Á forsíðu: Bryndís Halla Gylfadóttir/Ari Magg
Myndskreytingar: Þórarinn Már Baldursson
Prentun: Litróf

Athugið að tilhögun tónleika, miðaverð og annað
sem greint er frá í þessum bæklingi kann að breytast
án fyrirvara. Nýjustu upplýsingar er ávallt að finna
á vef Sinfóníuhljómsveitar Íslands, www.sinfonia.is.



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg



Borgun er einn af samstarfsaðilum Sinfóníuhljómsveitar Íslands og treystir þannig undirstöður sveitarinnar.



Ármúla 30 • 108 Reykjavík • Sími 560 1600 • www.borgun.is

BORGUN
AUBVELDAR VIÐSKIPTI

12TÓNAR

VELKOMIN

Í NÝJA OG GLÆSILEGA
VERSLUN OKKAR Í

HÖRPU

FRÁBÆRT ÚRVAL AF
KLASSÍSKRI TÓNLIST
ÓPERUM OG DVD

VIÐ BJÓÐUM UPP Á EITT BESTA ÚRVAL LANDSINS
AF ÍSLENSKRI TÓNLIST, DJASSI, HEIMSTÓNLIST, POPPI OG ROKKI

MAXÍMÚS MÚSÍKÚS TEKUR VEL
Á MÓTI ÖLLUM BÖRNUM Í HORNINU SÍNU

VIÐ MINNUM Á AÐ HANDHAFAR ÁSKRIFTARKORTA
OG MEÐLIMIR Í VINAFAÐLAGI SINFÓNÍUHLJÓMSVEITARINNAR
FÁ 15% AFSLÁTT AF ÖLLUM GEISLADISKUM OG DVD
Í VERSLUNUM OKKAR Í HÖRPU OG Á SKÓLAVÖRÐUSTÍG



Fyrir tónleika í hléi eða að þeim loknum er tilvalið að njóta veitinga á Munnhörpunni á fyrstu hæð Hörpu.

Borðapantanir í síma: 5285111 eða á www.munnharpan.is

Verið velkomin




Þér við sælusæti bjóðum
með sinfónískum töfrahljóðum.
Slíka gjöf má gjarnan þiggja
á gleðina mun ekkert skyggja.
- Okkar hlutverk er að tryggja.



VÍS er stoltur bakhjarl Sinfóníuhljómsveitar Íslands



GAMMA er einn aðalstyrktaraðili
Sinfóníuhljómsveitar Íslands



GAMMA er óháð fjármálfyrirtæki sem rekur fjölbreytt úrval verðbréfa- og fagfjárfestisjóða

Klapparstígur 29 101 Reykjavík Sími 519 3300 www.gamma.is



GAMMA
GAM Management hf

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS – FASTRÁÐNIR HLJÓÐFÆRALEIKARAR OG STARFSMENN

1. FIÐLA

Sigrún Eðvaldsdóttir 1. konsertmeistari

Sif Tulinius 2. konsertmeistari

Andrzej Kleina 3. konsertmeistari

Ágústa María Jónsdóttir

Bryndís Pálsdóttir

Hildigunnur Halldórsdóttir

Júlíana Elín Kjartansdóttir

Laufey Sigurðardóttir

Lin Wei

Margrét Kristjánsdóttir

Mark Reedman

Martin Frewer

Olga Björk Ólafsdóttir

Pálína Árnadóttir

Rósa Guðmundsdóttir

Sigríður Hrafnkelsdóttir

Una Sveinbjarnardóttir

Zbigniew Dubik

2. FIÐLA

Greta Guðnadóttir leiðari

Ari Þór Vilhjálmsson staðgengill leiðara

Christian Diethard

Dóra Björgvinsdóttir

Greta Salome Stefánsdóttir

Joanna Bauer

Kristján Matthíasson

Lilja Hjaltadóttir

Margrét Þorsteinsdóttir

María Weiss

Ólöf Þorvarðsdóttir

Roland Hartwell

Sigurlaug Eðvaldsdóttir

Þórdís Stross

VÍÓLA

Helga Þórarinsdóttir leiðari

Þórunn Ósk Marinósdóttir staðgengill leiðara

Eyjólfur Alfreðsson

Guðrún Hrund Harðardóttir

Guðrún Þórarinsdóttir

Herdís Anna Jónsdóttir

Jónína Auður Hilmarsdóttir

Kathryn Harrison

Sarah Buckley

Sesselja Halldórsdóttir

Svava Bernharðsdóttir

Þórarinn Már Baldursson

SELLÓ

Bryndís Halla Gylfadóttir leiðari

Sigurgeir Agnarsson staðgengill leiðara

Auður Ingvadóttir

Bryndís Björgvinsdóttir

Hrafnkell Orri Egilsson

Inga Rós Ingólfssdóttir

Lovísa Fjeldsted

Margrét Árnadóttir

Ólöf Sesselja Óskarsdóttir

Sigurður Bjarki Gunnarsson

BASSI

Hávarður Tryggvason leiðari

Páll Hannesson staðgengill leiðara

Dean Ferrell

Jóhannes Georgsson

Richard Korn

Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir leiðari

Áshildur Haraldsdóttir staðgengill leiðara

Martial Nardeau

ÓBÓ

Daði Kolbeinsson leiðari

Peter Tompkins

Matthias Nardeau staðgengill leiðara

KLARINETT

Einar Jóhannesson leiðari

Sigurður I. Snorrason

Rúnar Óskarsson staðgengill leiðara

FAGOTT

Rúnar Vilbergsson leiðari

Hafsteinn Guðmundsson

Brjann Ingason staðgengill leiðara

HORN

Jósef Ognibene leiðari

Emil Friðfinnsson staðgengill leiðara

Stefán Jón Bernharðsson staðgengill leiðara

Þorkell Jólsson

Lilja Valdimarsdóttir

TROMPET

Ásgeir Steingrímsson *leiðari*
Einar Jónsson *staðgengill leiðara*
Eiríkur Örn Pálsson *staðgengill leiðara*
Guðmundur Hafsteinsson

BÁSÚNA

Oddur Björnsson *leiðari*
Sigurður Þorbergsson *staðgengill leiðara*
Jessica Buzbee *í leyfi*
Jón Halldór Finnsson
David Bobroff

TÚBA

Tim Buzbee *í leyfi*
Austin Howle *leiðari*

HARPA

Katie Buckley *leiðari*

PÍANÓ

Anna Guðný Guðmundsdóttir *leiðari*

PÁKUR

Eggert Pálsson *leiðari*

SLAGVERK

Steef van Oosterhout *leiðari*
Frank Aarnink *staðgengill leiðara*
Árni Áskelsson

STARFSMENN

Sigurður Nordal *framkvæmdastjóri*
Arna Kristín Einarsdóttir *tónleikastjóri*
Árni Heimir Ingólfsson *tónlistarstjóri*
Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*
Margrét Sigurðsson *fjármálafulltrúi*
Kristín Sveinbjarnardóttir *starfsmannastjóri*
Kristbjörg Clausen *nótna- og skjalavörður*
Grímur Grímsson *ráðsmaður*
Monika Abendroth *umsjónarmaður*





Opnunartónleikar í Hörpu 4. maí 2011:
Sinfóníuhljómsveit Íslands ásamt Vladimir Ashkenazy, einsöngvurum og kór.

BAKHJARLAR

BORGUN



GAMMA
GAM Management hf

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Miðasala í Hörpu » www.sinfonia.is » www.harpa.is » 528 5050